

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af  
atvinnuauglýsingum

Atvinna  
allt í MIÐJU BLAÐSINS

allt atvinna

SENIOR TESTER/QA ENGINEER

DEILDARSTJÓRI BYGGINGARDEILDAÐ

LUMINESCO

SIGRÍÐUR HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR

Lék aðalhlutverkið í  
Bollywood-mynd

Beðin um eiginhandaráritun á götu á Indlandi  
FÓLK 38



16 bladnúmer  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir  
Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

8. október 2006 – 269. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FRÉTTABLAÐIBYRÓÐIÐ

## SUNNUDAGUR

### Filar og flóðhestar

Sigurður Guðmundsson landlæknir og eiginkona hans Sigríður Snæbjörnsdóttir haldar senn til Malaví.

VIÐTAL 16



### Látlaust djúp

Feigðin vofir yfir Ógæfusömu konum, síðustu skáldsögu Richards Brautigan, sem er komin út í þýðingu Gyrðis Elíassonar.

BÆKUR 26

### Umferðarnútar skerða lífskjör

„Hvort sem við horfum á þjóðarframeiðslu eða þjóðarvelferð þá er skynsamlegt að ráðast gegn umferðartöfum í höfuðborginnum,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 10


### Keflavík og Haukar sigruðu

Karlalið Keflavíkur og kvennalið Hauka hrósuðu sigri í Powerade-bikarkeppninni í körfubolta.

ÍPÓTTIR 30




### VEÐRIÐ Í DAG



ALLHVASST - í dag verður norðaustan 8-18 m/s, hvassast með ströndum sunnan og vestan til. Vaxandi vindur á Vestfjörðum og Vesturlandi með kvöldinu. Rigning en úrkomulítið á Vestur-Ílandi framán af degi. Hiti 4-9 stig.

VEÐUR 4



NÍÐURLÆGING Í LETTLANDI Íslenska karlalandsliðið beið afhroð fyrir Lettlandi í undankeppni Evrópumótsins í gær. Lettar unnu 4-0 sigur í Riga en því af mörkunum komu í fyrri hálfleik. Næsti leikur Íslands er gegn sænska landsliðinu sem er á toppi riðilsins eftir frábæran sigur á Spánverjum.

síður 32-33

## FL Group selur allan hlut sinn í Icelandair

Allt stefnir í að FL Group verði horfið úr hluthafahópi Icelandair fyrir vikulok. Glitnir hefur safnað stórum hópi fjárfesta og ný kjölfesta mun myndast í félaginu. Félagið verður skráð á markað með sölu til starfsmanna og almennings.

VÍÐSKIPTI FL Group mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vera tilbúið að selja allan hlut sinn í félaginu eftir að ljóst varð að áhugi fjárfesta reyndist meiri en ráð hafði verið fyrir gert þegar tilkynnt var um sölu 51 prósents hlutar á þriðjudag.

Fyrri verandi eigendur Vátryggingsfélags Íslands munu mynda nýja kjölfesta í félaginu og eiga riflega þriðjungshlut. Í þessum hópi eru Hesteyri, undir forystu Pórólfs Gíslasonar, kaupfélagsstjóra Kaupfélags Skagfirðinga, auk félaga sem aður tengdir Sambandi Íslenskra samvinnufélaga. Aðrir sem koma þar við sögu eru Finnur Ingólfsson, fyrri verandi forstjóri VÍS, og Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands.

Aðrir sem nefndir eru sem stórir hluthafar eru eigendur Olfufélagsins Essó, en í þeim hópi eru fyrri verandi stjórnarmaður flugfélagsins, Benedikt Sveinsson, og aðilar tengdir honum. Ómar Benediktsson, fyrri verandi forstjóri



FINNUR  
INGÓLFSSON



BENEDIKT  
SVEINSSON



ÓMAR  
BENEDIKTSSON

fullur áhugi er meðal fjárfesta að kaupa meira og er stefnt að því að ljúka sölu á öllum hlutum FL Group í Icelandair fyrir vikulok. Unnið er að áreiðanleikakönnun félagsins og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki fyrir vikulok.

Heildarvirði félagsins er 43 milljarðar króna og hlutafé er metið að 33 milljarða króna. Forsvarmenn FL Group hafa að undanförnu lýst því yfir að félagið hafi verið tilbúið að selja allt félagið eða eiga kjölfestuhlut áfram. Ljóst hefur verið að hugur FL Group hneigist í þá átt að draga úr eigin í flugrekstri og því vilji til bess að mæta þeim áhuga sem reyndist vera á félaginu. Bókfærður hagnaður FL Group vegna sölnunar er um 26 milljarðar króna.

Stálu fána úr sendiráðsgarði:  
Rússneska fánanum stolið

LÖGREGLUMÁL Þrír ungir menn stálu rússneska fánanum úr garði rússneska sendiráðsins við Garðastræti 33 í Reykjavík í fyrrinótt.

Lögreglan í Reykjavík fékk tilkynningu um þjófnaðinn um níu leytið í gær og hóf strax að rannsaka málíð.

Að sögn lögreglunnar í Reykjavík náðust skýrar andlitsmyndir af premur mönnum á eftirlitsmyndavélar við sendiráðið og hafa starfsmenn sendiráðsins þegar afhent lögreglu myndefnið.

Lögreglan biður mennina þrjá að gefa sig fram hið fyrsta. -mh

Breytingar í kaþólskri trú:

Hreinsunareldur endurskoðaður

TRÚ Hreinsunareldurinn, staður á milli himnaríkis og helvítis, gæti brátt verið afnuminn af kaþólsku kirkjunni. Öldum saman hafa rómversk-kaþólikkar trúað því að sálin barna sem deyja aður en þau eru skírð fari í hreinsunareldinn.

Kaþólskir sérfræðingar munu bráðlega ráðleggja Benedikt XVI páfa að endurskoða kenningar kirkjunnar um hreinsunareldinn. Óskirð börn fara því beint til himna verði breytingin gerð. -sps



*Helgi, verður bókvitið ekki í askana látið?*

„Það er lítið bókvit í þessum próf-kjörsbæklingi Árna og bara látið í suma askana.“

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, kallað fíjálagfrumvarp ríkisstjórnarinnar framtíðarskáldsgúi í fyrstu umræðu þess á Alþingi á fimmudag. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra kynnti frumvarpið.



DAGNEY JÓNSDÓTTIR Hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs á Alþingi.

Framsóknarflokcurinn:

## Dagný gefur ekki kost á sér

**STJÓRMÁL** Dagný Jónsdóttir, áttundi þingmaður Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, hefur tilkynnt að hún gefi ekki kost á sér til áframhaldandi þingsetu eftir alþingiskosningarnar næsta vor.

Dagný tilkynnti þessa ákvörðun á kjördæmabingu Framsóknarflokksins á Djúpavogi. Dagný segir þessa ákvörðun hafa verið að gerjast í sér í ákveðinn tíma en ákvæð að tilkynna þetta í hópi flokksfélaga sinna. „Eg ætla að klára lokaritgerð mína í íslensku eftir að þingsetu lýkur en útiloka ekki endurkomu í stjórnsmál síðar.“ - hs

Aframhaldandi ofbeldi í Írak:

## Tuttugu og sex látnir í árásum

**ÍRAK, AP** Tuttugu og sex manns létu lífið í árásum í Írak í gær. Fjórtán beirra léstu í sjálfsvígsáras við eftirlitstöð íraska hersins í borginni Tal Afar.

Á sama tíma réðust þúsundir íraska hermannar inn í borgina Kirkuk í tilraun til þess að draga úr ofbeldi sem hefur magnast í norðurhluta Íraks undanfnarar vikur. Borgurum var skipað að halda sig heima fyrir.

Ofbeldi milli súnnita og sjíta hefur færst í aukana í Bagdad. Þar voru sjö sundurskotin lík veidd upp úr Tigris-ánni. Sum voru bundin á hóndum og fótum og báru merki um pyntingar. - sbs

### LÖGREGLURÉTTIR

#### Erill í Eyjum

Töluverður erill var hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum í fyrri nöt en mikið var um skemmtanir í bænum. Purfti lögreglan að hafa afskipti af „of drukku fólk“ eins og varðstjóri í lögreglunni í Vestmannaeyjum sagði. Lögreglunni gekk þó vel að hafa hemil á því.

#### Fimm stútar

Fimm menn voru teknir ólvaðir undir stýri í Reykjavík í fyrri nöt. Þar af voru þrír sem ekki voru með réttindi. Hætta skapaðist vegna ökulags ökumannanna en enginn slasaðist.

#### Bruni í Kópavogi

Enginn slasaðist er eldur varð laus í iðnaðarhúsnæði í Smiðjuvegi í Kópavogi í fyrri nöt. Húsið skemmdist lítið en slökkti hófuðborgarsvæðisins var kallað út og tókst fljótega að slökkva eldinn. Eldsupptök er óljós.

Rússland er eitt hættulegasta land í heimi fyrir blaðamenn:

## Fræg blaðakona myrt í Rússlandi

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk blaðakona, sem var bekkt fyrir harða gagnrýni sína á stjórn Pútíns Rússlandsforseta, fannst myrt í gær. Anna Politkovskaja, 48 ára og tveggja barna móðir, fannst skotin til bana í lyftu fjölbýlishúss í Moskvu með byssu og fjögur skothylki við hlið sér. Lögregla telur að morðið tengist vinnu hermanna á borgurum sem þar fóru fram.

Arið 2004 fókk Politkovskaja slæma matareitrun eftir að hafa drukkið te í flugvél á leið í barnaskóla í suðurhluta Rússlands. Samstarfsmenn hennar grunaði að eitradó hefði verið fyrir henni. Henni bárust einnig fjölmargar morðhotanir vegna frettaskrifra sinna.

Rússland er orðið eitt hættulegasta land í heimi fyrir blaðamenn. Tuttugu og þrír blaðamenn voru myrtir í landinu á árunum 1996 til 2005. Að minnsta kosti í tólf tilvikum bendir til að um leigumord hafi verið að ræða síðan Pútín komst til valda. - sbs



ANNA POLITKOVSKAJA Var bekkt fyrir harða gagnrýni sína á aðgerðir stjórnar Pútíns Rússlandsforseta.

Lettar kusu til þings í gær:

## Ríkisstjórn hélt líklegast velli

**LETTLAND, AP** Lettar gengu að kjörborði í gær, í fyrsta sinn síðan þjóðin gekk í Evrópusambandið fyrir um tveimur árum. Þrátt fyrir að stjórnarandstöðuflokkur hafi naumlega verið með flest atkvæði samkvæmt útgönguspánum er búist við að ríkisstjórn landsins haldi velli í kosningunum, en hún er undir forystu þjóðarflokksins.

Bandalag þjóðarflokksins og tveggja annarra flokka fékk rúm 45 prósent atkvæða, samkvæmt sömu útgönguspá. Gangi hún eftir mun bandalagið halda áfram um stjórnartaumana í landinu. - sbs

## Milljóna fjárveiting vegna Baugsmálsins

Óskað er eftir rúmlega tuttugu milljóna króna aukafjárveitingu vegna Baugsmálsins. Álitamál hvort réttlætanlegt sé að eyða meiri fjármunum í þetta mál, segir Björgvin G. Sigurðsson. Mikil vinna við þetta mál, segir Björn Bjarnason.

**DÓMSMÁL** Farið er fram á tæplega 21 milljónar króna aukafjárveitingu vegna Baugsmálsins í fjármálgum vegna þessa árs. Í frumvarpinu er tekið fram að óskað sé eftir fjárveitingunni vegna kostnaðar við sérstakan ríkissaksóknara, í ótligreindu dómsmáli sem ríkissaksóknara sagði sig frá, til að virða reglur um hæfi.

Í fjármálgum kemur fram að veittar hafi verið um átján milljónir króna árin 2005 og 2006 en heildarkostnaður vegna sérstakars ríkissaksóknara í málínun er áætlaður um 39 milljónir króna um næstu áramót. Kostaður við rannsókn málsins, sem hófst 28. ágúst 2002 með húsleit í höfuðstöðvum Baugs í Reykjavík, er ekki inni í þessum tölum.

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir það álitamál hvort réttlætanlegt sé að verða við óskum um fjármagn vegna þessa máls. „Þetta er smánrabrot af þeim óendanlega mikla kostnaði sem þetta mál hefur haft í fóri með sér, bæði fyrir hóp opinbera og það einstaklinga sem eiga aðild að málínun. Það er orðið afar mikilvægt, að farið verði yfir í smáatriðum hvernig



SIGURDUR TÓMAS Í HÉRAÐSDÓMI Sigurður Tómas afhendir lögmönnum ákærðu málsgögn í dómсал. Málið verður tekið til efnismæðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

petta mál er til komið og hvað það hefur kostað hið opinbera, og þar með almenningi í landinu. Þetta mál er dómsmálaráðuneytinu til minnkunar og kostnaður fyrir lóngu farin úr hófi fram. Mér finnst það álitamál hvort réttlætanlegt sé að samþykka frekari fjárlátlát að hálfu hins opinbera vegna þessa máls.“



BJÖRGVIN G.  
SIGURÐSSON

BJÖRN  
BJARNASON

Starfsmaður setts saksóknara:

## Vinnur hjá ráðuneytinu

Jón Þór Ólason, lögfræðingur og aðstoðarmaður Sigurðar Tómasar Magnússonar, saksóknara í Baugsmálinu, er enn starfsmaður dómsmálaráðuneytisins samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu.

Jón Þór fór í launalaust leyfi þremur dögum áður en Sigurður Tómas tók við málínun. „Eg fór í leyfi þremur dögum áður en ég byrjaði að vinna með Sigurði Tómasi að Baugsmálinu. Ég þigg ekki laun frá ráðuneytinu á meðan ég starfa að þessu máli en fæ þess í stað laun frá saksóknara.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur ítrekað haldið því fram að ráðuneytið hafi ekki afskipti af framgangi málsins, en Jakob Möller, lögmaður Tryggva Jónssonar, sagðist í málflutningi fyrr á þessu ári telja ráðuneytið hafa afskipti af málínun þar sem Jón Þór ynni að málínun fyrir hönd saksóknara. - mh

## Harður árekstur á Kringlumýrarbraut hjá Bústaðabréu: Fór yfir á gagnstæðan vegarhelming

**UMFERDARSÝS** Ókumaður fólksbifreiðar fótbrotnaði illa á báðum fótum í hörðum árekstri tveggja bifreiðarinnar sem fór yfir á rangan vegarhelming slasaðist illa á báðum fótum en ókumaður jeppabifreiðarinnar slapp við alvareleg meiðslu.

Að sögn lögreglu bendir margt til þess að ókumaður fólksbifreiðarinnar hafi ekið af hratt miðað við aðstæður en tildróg slyssins eru í rannsókn hjá lögreglu. - mh



AF VETTVANGI Lögreglan rannsakar nú hvort hraðakstur hefur verið ástæða slyssins.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ATVIK Í BAUGSMÁLI

### 28. ágúst 2002

Efnahagsbrotadeild Ríkislöggreglu-stjóra gerir húsleit í höfuðstöðvum Baug Group.



17. nóvember 2003 Fulltrúar embættis Skattraðrannsóknar-stjóra ríkisins og lög-reglunnar gera húsleit hjá Baugi Group og Gaumi. Gögn er varða rekstur á árunum 1998 til 2002 eru tekin til skoðunar.

### 20. september 2005

Stærstum hluta Baugsmálsins, 32 liðum af 40, er vísað frá domi.



24. september 2005 Fréttablaðið flytur af því fréttir að Stjórn Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokkssins, og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari hafi fundað um Baugsmálið mánuðum áður en ákært var í því. Stjórn Gunnarsson stafdestir að hann hafi talað um málid við Kjartan og Jón steinar, með það fyrir augum að aðstoða Jón Gerald Sullenberger. Stjórn lét blaðamann Morgunblaðsins þýða gögn er vörðuðu málid og biður Jóninu Benediktsdóttur í tölvubréfi um „að eyða fingraförum Morgunblaðsins af þessu skjali og senda það síðan til Jóns Gerald“.

### 10. október 2005

Hæstiréttur staðfestir frávísunar-úrskurð héraðsdóms.

15. mars 2006 Ákærðu í Baugsmálinu eru sýknadir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

4. apríl 2006 Endurákvært er vegna 19 af þeim 32 liðum sem vísað var frá domi.

21. júlí 2006 Hæstiréttur vísar frá fyrsta, og jafnframt viðamesta ákæruliðnum, í Baugsmálinu.

10. október 2006 Átján ákæruliðir, sem eftir eru í Baugsmálinu verða teknir fyrir.

## Vinnustaður á hjólum



ÍSLÉNSKA AUGLYSINGASTOFAN/STAÍS TOY 34486 10/2006

### Hiace - Aukahlutatilboð á Toyota Hiace

Hiace hefur skapað sér sérstaklega gott orðspor meðal íslenskra atvinnubílstjóra, enda er bíllinn skynsamlega hannaður með notagildi og aðbúnað ökumanns að leiðarljósi. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Verð frá **2.619.000 kr.\***

Veglegur og hagnýtur aukahlutapakki  
fylgir nú Hiace:

- Álfelgur
- Heilsársdekk
- Toppgrindarbogar
- Dráttarveisli

\* Langur Hiace, sjálfskiptur, 2WD með 2,5 lítra túrbó díselvél.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,91 68,23
Sterlingspund	127,49 128,11
Evrar	86,06 86,54
Dönsk króna	11,541 11,609
Norsk króna	10,21 10,27
Sænsk króna	9,282 9,336
Japansk jen	0,5750 0,5784
SDR	100,26 100,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,8299

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tilraunir Norður-Kóreumanna með kjarnorkusprengjum gætu hafist í dag:

## Aukin spenna við landamærin

**SUÐUR-KÓREA, AP** Suðurkóreski herinn skaut fjörutíu viðvörunarskotum að hermönnum í Norður-Kóreu sem fóru yfir landamæri sem skilja ríkin að í gærmorgun. Búist er við að Norður-Kóreumenn sprengi kjarnorkusprengju í tilraunaskyni á allra næstu dögum, jafnvel í dag. Spenna á svæðinu hefur aukist jafnt og þétt eftir því sem nær dregur kjarnorkutilraunum.

Ekkí er ljóst hvers vegna hermennirnir norður-kóresku héldu yfir landamærin í gær en þeir hörfuðu þegar viðvörunarskotunum var skotið að þeim. Peir voru þá komnir þrjátíu metra inn

fyrir vopnahléslnuna sem skilur löndin tvö að. Enginn þeirra slasaðist. Þetta er í annað skipti sem atvik á borð við þetta gerist á þessu ári.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hvatti Norður-Kóreumenn á föstudag til þess að hætta við fyrirætlanir sínar um smíði kjarnorkusprengju og hótalegum afleiðingum ef þjóðin brygdist ekki við tilmælunum. Nágrannabjóðir Norður-Kóreu hafa fagnað yfirlýsingum Öryggisráðsins. Sumar bjóðir hafa varað við því að kjarnorkutilraunir Norður-Kóreumanna muni jafnvel koma af stað vopnakappphaupi.



**STRÍÐSMINJAR** Suður-kóreskir hermenn ganga fram hjá eftirlíkingum af kjarnorkusprengjum við stríðsmínjasafn í Seúl. Búist er við að Norður-Kóreumenn sprengi kjarnorkusprengju í tilraunaskyni í dag eða á næstu dögum.

Uppreisnarmenn í Sri Lanka:

## Tugir létu lífið í hörðum árásum

**SRI LANKA, AP** Tugir féllu í átokum Tamil-tígrar og stjórnarhersins á Sri Lanka í gær. Herþotur skutu sprengjum á uppreisnarmenn í norður- og suðurhluta landsins. Uppreisnarmenn höfðu þá nýverið sent fulltrúa norska stjórnvalda, Jon Hanssen-Bauer, bréf, en ekki er vitað hvað það inniheldur.

Tamil-tígrarnir hótuðu því í vikunni að þeir myndu rjúfa vopnahlé sem samið var um árið 2002, fyrir milligöngu Norður-Kóreumanna, ef ríkisstjórn Sri Lanka heldur áfram að ráðast á stöðvar sínar. Friðaryiðræður halda áfram í Sviss í lok október.

- sþs

Prófkjör Sjálfstæðisflokkssins:  
19 í prófkjöri í Reykjavík

**PRÓFKJÖR** Nítján gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokkssins í Reykjavík sem haldíð verður dagana 27.-28. október næstkomandi.

Peir sem gefa kost á sér eru Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Björn Bjarnason, Dögg Pálssóttir, Geir H. Haarde, Grazyna M. Okuniewska, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Illugi Gunnarsson, Jóhann Páll Símonarson, Kolbrún Baldursdóttir, Marvin Ívarsson, Pétur H. Blöndal, Sigríður Andersen, Sigurður Kári Kristjánsson, Steinn Kárason, Vilborg G. Hansen, Verner Harð Guðnason og Þorbergur Aðalsteinson. - hs



**SPARAKSTURSKEPPI** Kristbjörn Hauksson sigrurvegari var kampakátor að lokinni keppni.

Keppni í sparakstri:  
**Kristbjörn sigrar aði í sparakstri**

**SPARAKSTURSKEPPI** Hátt í fimmtíu bifreiðar voru skráðar til leiks í keppni í sparakstri sem framför í gær. Keppendur voru bæði almennir ökumen sem og fulltrúar bifreiðaumboða og voru ökutækni allt frá smábílum til fjörhjóladrifinna ökutækja. FÍB og Atlantsolía stóðu að keppninni en eknir voru rúmir 140 kilómetrar.

Sigrurvegari keppninnar var Kristbjörn Hauksson sem náiði þeim góða árangri að nota aðeins 3.03 lítra af díselolíu á hverja hundrað ekna kilómetra. Kristbjörn ók Benz 180 cdi. - hs

## Fyrsta leiguþyrlan komin til landins

Ný leiguþyrla Landhelgisgæslunnar lenti á Reykjavíkurflugvelli í gær. Pyrlan er sú fyrsta af þremur sem ætlað er að fylla í skarðið sem brottför varnarliðsins skildi eftir sig. Mettími í að finna leiguþyrlu, segir forstjóri Landhelgisgæslunnar.

**ÞYRLUR** Ný leiguþyrla Landhelgisgæslunnar lenti á Reykjavíkurflugvelli í gær. Hún er af tegundinni Puma og er sambærileg við Super Puma þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF. Pyrlan er sú fyrsta af þremur sem leigðar hafa verið í kjölfar brottfarar þyrlusevitara varnarliðsins. Önnur pyrlan kemur til landsins í næsta mánuði og sú þríðja kemur í maí á næsta ári.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, og Björn Bjarnason dómssmálaráðherra voru viðstaddir komu þyrlunnar í gær. Landhelgisgæslunni var á dögum veitt flugrekstrarleyfi frá Flugmálastjórn, sem gerir henni kleift að leiga þyrlurnar. Með komu þyrlunnar hefur Landhelgisgæslan yfir þremur björgunarþyrlum að ráða. Með þyrlunni fylgja flugmenn frá AirLift, en á Íslandi eru ekki nógum margir þyrlumenn til að Íslendingar geti séð um að fljúga þyrlunni.

Pegar ljóst var að varnarliði myndi hverfa af landi brott lét Björn Bjarnason hefja leit að



**FLUGMÖNNUM HEILSAÐ** Pyrlan er af sambærilegri tegund og þyrla Landhelgisgæslunnar TF-LÍF.



**HORFT TIL HIMINS** Fjöldi manns var saman kominn þegar þyrlan lenti á Reykjavíkurflugvelli í gær. Hún er sú þríðja sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða.

leiguþyrlum sem koma áttu í stað þeirra sem varnarliðið tæki með sér. Að sögn forstjóra Landhelgisgæslunnar tekur slík leit yfirleitt eitt til tvö ár en íslendingum hafi tekist að ganga frá samningum um leigu á rúnum sex mánuðum.

Fyrirtækið sem leigir þyrlurnar út er norskt og heitir AirLift.

Þyrlurnar þrjár eru leigðar til eins árs í senn.

„Þetta er mjög góður dagur og það er glæsilegt að nái þessum árangri á svona skómmum tíma, að fá þetta tæki hingað ásamt þyrlunni sem við fáum í nóvember,“ segir Björn Bjarnason dómssmálaráðherra. „Pegar við höfðum samband við erlenda aðila og sögðumurst þurfa að þyrlu að halda í september var spurt á móti hvort við

værum að tala um árið 2007 eða 2008. Menn áttu erfitt með að skilja að við þyrtum þyrlu svona fljótt en það tók.“

Hann segir að leitað hafi verið um allan heim að þyrlum til að leiga með svona skómmum fyrirvara. „Þessi heimur er ekki stóri. Við fórum allsstaðar þar sem þyrlur eru og fengum að lokum þessa.“

„Þessi dagur er stóri, ekki hvað síst vegna þess að við skulum vera komin með flugrekstrar- og flugrekendaleyfi,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar. „Þetta er upphafið að nýum tínum í flugsögu Landhelgisgæslunnar. Það má segja að þetta sé mettími í að finna leiguþyrlu.“

salvar@frettabladid.is

26 ára maður kærður:  
**Fólkuleg líkamsáras kærð**

**LÍKAMSÁRÁS** Danskur karlmaður á þritugsaldri var fluttur á slysadeild Landspítalans í Fossvogi eftir að hann lenti í ryskingum við 26 ára gamlan mann um fjögur leytið í fyrra nótt. Reyndust áverkar mannsins í andliti ekki eins alvarlegir og talið var í fyrstu og fékk hann að fara af slysadeildinni að lokinni ítarlegri skóðun.

Tveir karlmenn, 22 og 26 ára, gистu í fangageymslum lögregluar í Reykjavík vegna málssins. Peir hafa báðir komið við sögu lögreglu áður vegna ofbeldisbrota. Þeim hefur nú verið sleppt en peir voru yfirheyðir í gær vegna málssins.

Líkamsárasín, sem að sögn vitna var sérlega fólkuleg, átti sér stað á gatnamótum Vegamótastígs og Laugavegs. Að sögn Bjarnpórs Aðalsteinssonar, fulltrúa í ofbeldisbrotdaeild lögregluar, reyndist annar mannanna, sá yngri, ekki hafa átt aðild að árásinni. „Maðurinn sem kærður hefur verið fyrir að hafa slegið og spaskað í erlendan mann, hefur játað að hafa lent í áflögum við manniinn en neitar að hafa veitt honum áverka í andliti með höggum og spörkum. Rannsókn þessa málss er langt komin.“ - mh

## LÖGREGLUFRÉTT

### Óku of hratt

Lögreglan í Reykjavík stöðvaði ókumann á 163 kilómetra hráða á Miklubraut í gær. Hámarkshraði á Miklubraut er áttuð í 163 kilómetra hráði. Lögreglan stöðvaði einnig sautján ára ókumann á 125 kilómetra hráða skammt frá Rauðavatni en þetta var í fjarða skipti sem hann var stöðvaður á innan við ári.

## Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurð fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## VEDURSPÁ

um hádegi »


**MJÖG HVASST NORDVESTAN TIL KVÖLD**

Rétt er að vekja athygli á því að veður fer versandi á Vestfjörðum og Vesturlandi í kvöld. Eru horfur á að vindur nái þá um eða 20 m/s á bessum slöðum. Í dag hins vegar verður ekki eins hvasst en þó viða allhvassst með ströndum. Framan af degi verður úrkumultið norðvestan til og á Vesturlandi en begar líður á siðdegjöld og kvöldið verður rigning þar einnig.

**VEDURHORFUR Í BORGINNÍ Í DAG**  
Norðaustan 8-13 m/s.  
Rigning með köflum. Hiti 5-9 stig.

Kaupmannahöfn	15°C	skúrir	London	18°C	hálfskýjað	Alicante	27°C	hálfskýjað
Bórshöfn	11°C	skúrir	París	19°C	hálfskýjað	Mallorca	24°C	hálfskýjað
Ósló	15°C	skúrir	Frankfurt	17°C	hálfskýjað	Algarve	26°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	16°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	20°C	hálfskýjað	Krit	26°C	skúrir
Gautaborg	15°C	rigning	Berlin	17°C	alskýjað	Las Palmas	28°C	hálfskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Ávinnungur fyrir viðskiptavini

Og Vodafone hefur gert tímamótasamning við alþjóðlega farsímafélagið Vodafone Group og breytir nafni sínu í Vodafone. Þetta færir viðskiptavinum okkar margvíslegan ávinnung; betra samband, betri þjónustu og hagstæðara verð. Samstarfið við Vodafone hefur þegar fært viðskiptavinum okkar nýjungar á borð við Vodafone Simply, Vodafone live! og BlackBerry frá Vodafone. Fleiri nýjunga er að vænta og kynnum við nú Vodafone Passport, sem mun stórlækka símakostnað notenda okkar á ferðalögum erlendis.



Talar þú mikið í síma?

Já	34%
Nei	66%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Líkar þér við yfirmann þinn?

VISIR

Segðu skoðun þína á visir.is

Bílastæðasjóður vill taka upp nýjungar í þjónustu:

## Skafmiðar og greiðslukort

**STÖÐUMÆLAR** Bílastæðasjóður vill taka upp greiðslukortajónustu í öllum greiðsluvélum og miðamælum, skipta út stöðumælum fyrir miðamæla, hefja sölu á viku- og mánaðarkortum og bjóða upp á fjölbreytt úrval skafmiða fyrir ákvæðinn gildistíma á ákveðnu gjaldsvæði, með ótiltekinn upphafs-tíma.

„Skafmiðana geturu átt í hanskahólfinu þar til þú þarf að nota þá,“ útskýrir Stefán Haraldsson, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs. „Þegar þá þarf á skafmiða að halda sækirðu hann í hólið, skefver ártal, mánuð, dagsetningu og komutímann og þá gildir miðinn



STEFÁN HARALDSSON  
framkvæmdastjóri  
Bílastæðasjóðs.

í klukkutíma. Pannig ertu búinn að borga miðana fyrir fram og átt þá til að grípa til þegar það hentar.“

Fjallað var um tillögurnar nýlega í framkvæmdaráði borgarinnar. Minnihluttin hafði áhyggjur af sölu viku- og mánaðarkorta, sem er fyrirhuguð á netinu, og ótaðist

að þau myndu auka bílastæðavandann í miðborginni.

Stefán telur þó ástæðulaust að hafa áhyggjur af því. Fyrst og fremst sé um aukna þjónustu við fyrirtæki að ræða, nýjungarnar henti sérstaklega stærri fyrirtækjum sem gera út marga bíla sem starfsmenn skiptast á um að nota. „Þetta er bara fjölbreyttari þjónusta.“ Erindi Bílastæðasjóðs var frestað milli funda og ákvæðið að leita umsagnar Próunarfélags miðborgarinnar og Hverfisráðs miðborgarinnar. Gert er ráð fyrir að þessar nýjungar verði teknar upp á næsta ári hljóti þær samþykki borgarinnar.

- ghs

Gistinóttum fjölgar:

## Fjölgar mest á Norðurlandi

**GISTINÆTUR** Gistinóttum á hótelum í ágúst fjölgæði um tær sex prósent á milli ára. Gistinætur á hótelum í ágúst síðastliðnum voru 162.900 en voru 154.100 í sama mánuði í fyrra.

Gistinóttum fjölgæði í öllum landshlutum en hlutfallslega mest á Norðurlandi, þar sem gistinóttum fjölgæði um 23 prósent milli árs.

Á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum fjölgæði gistinóttum um sautján prósent en fjölgun á Suðurlandi var 7,5 prósent. Á Austurlandi fjölgæði gistinóttum um fjögur prósent en um tæplega eitt prósent í Reykjavík.

- hs

## Helgarferð til Kraká 26. október frá kr. 39.990

Aðeins örfá sæti laus

Verð kr. 19.990

Flugsæti með sköttum til Kraká, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 23. eða 29. okt. og heim 26. okt. eða 2. nóv. Netverð á mann.

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi 26. okt. í 3 nætur á Hotel Wyspianski \*\*\* með morgunmat.



Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í 3 náttu helgarferð í beinu morgunflugi til Kraká 26. október. Borgin er fríþlyst af UNESCO, enda býr hún að 1000 ára sögu sem helsta menningarborg Póllands og fyrrum höfuðborg. Gríptu þetta frábæra tækifæri á ferð til þessarar einstöku borgar.

**VINNUMARKADUR** Meira en helm-ingur félagsmanna í Starfsgreinasambandi Íslands telur að hann standi betur fjárhagslega nú en fyrir premur árum. Mikill meirihluti hefur fundið mikið fyrir hækkandi verðbólgu og þá helst í hærra matvöruverði. Þetta kemur fram í niðurstöðum launa- og kjarakönnum Starfsgreinasam bandsins sem kynntar voru á föstudag.

Rífliga sextíu prósent svar enda telja að fjárhagsleg staða þeirra í dag sé heldur eða miklu betri en hún var fyrir premur árum og yfir áttatíu prósent hafa fundið mikið fyrir hækkandi verðbólgu og þá helst í hækken á matvöruverði.

Heildaraun þeirra sem eru í fullu starfi eru tær tvö hundruð fjörutíu og fjögur þúsund krónur að meðaltali, karlar eru þá með tær tvö hundruð sjótfíu og níu þúsund í heildaraun og konur hundrað að áttatíu og átta þúsund. Meðal dagvinnulaun karla í fullu starfi eru tær hundrað áttatíu og sjö þúsund og kvenna tær hundrað og fimmtíu þúsund. Umönnunarhópurinn innan Starfsgreinasam bandsins er ósáttastur við launin sín og konur eru ósáttar en karlar.

Vinnutíminn er langur hjá félagsmönnum Eflingar. Hjá þeim sem eru í fullu starfi eru meðalvinnustundir tæplega fimmtíu á

vinnumáttum í Starfsgreinasambandinu er langur, eða um fimmtíu

stundir á viku, og lengstur er hann á Austurlandi. Könnun staðfestir launamun kynjanna, konurnar eru ósáttari við launin en karlarnir, enda sitja þær eftir.



**VID VEGAVINNU** Heildaraun karla í fullu starfi eru um tvö hundruð sjótfíu og níu þúsund krónur á mánuði og meðal dagvinnulaun þeirra í fullu starfi eru um hundrað áttatíu og sjö þúsund krónur. Konurnar sitja eftir í launum. Þessi mynd er tekin af mönnum við vegavinnu í sumar og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

viku og meðalyfirvinnustundir tólf. Íbúar á Austurlandi skera sig úr fyrir langan vinnutíma en þeir vinna að meðaltali tæplega sautján yfirvinnustundir á viku. Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur Eflingar, segir að könnunin staðfesti langan vinnutíma félagsmanna. „Það er eitthvað sem við þurfum skoða betur,“ segir hún. Í könnuninni kemur fram að

mun færri konur en karlar hafa óskað eftir launahækku síðustu tólf mánuði umfram samningsbundnar eða áður ákvæðan launahækkanir, eða einungis tuttugu og eitt prósent kvenna á móti þrjátíu og premur prósentum karla. Mikill meirihluti þeirra sem óskuðu eftir launahækku fékk hækken í kjölfarið.

Tekið var þrjú þúsund og fimm hundruð manna úrtak úr félagskrá Starfsgreinasambandsins. Svarhlutfall var 50,4 prósent.

ghs@frettabladid.is



## Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga

verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu, tónlistarstofu fimmtudaginn 19. október 2006.

Dagskrá samkvæmt lögum félagsins.

Fundurinn hefst kl. 15.00 og að honum loknum verður haldið Þjóðræknisþing í bókasal hússins og hefst það kl. 16.00

8. október 2006

Stjórnin

## Fáir lásu fyrsta blaðið

**DANMÖRK** Aðeins þrjú prósent Dana lásu fyrsta tölvublað Nyhedsavisen sem kom út á föstudag.

Þetta er niðurstöða könnunar sem dagblaðið Berlingske tideind sagði frá í gær. Segir í frétt blaðsins að lesturinn sé minni en fríþlöðin 24 tímar og Dato fengu þegar þau komu fyrst út í ágúst síðastliðnum. Morten Nissen Nielsen, framkvæmdastjóri Nyhedsavisen, gefur lítið fyrir könnunina og bendir að vegna bilunar í prentsmiðju hafi upplag blaðsins á fyrsta útgáfudegi verið helmingi minna en lagt var upp með. Hann segist ánægður með viðbrögð lesenda og auglýsanda og að allir byrjunarörðugleikar verði leystir. Dreifing blaðsins í miðborg Kaupmannahafnar verður bó mun minni en gert var ráð fyrir í upphafi þar sem húsfélög vilja



ekki afhenda dreifingaraðilunum lykla að stigagöngum.

Prátt fyrir fáa lesendur hefur forsíðufrétt Nyhedsavisen á föstudag valdið usla innanlands sem utan. En þar var sagt frá myndbandi sem tekið var á fundi ungliðahreyfingar Danská þjóðarflokksins þar sem keppt var í gerð niðrandi skopmynda af Múhamed spámanni. Hafa ungliðahreyfingar hinna dönsku stjórnálaflokkanna slitið á öll tengsl við Danská þjóðarflokkin. Eins hafa fjölmáliðar í Miðausturlöndum tekið málið upp og stærsti stjórnaranastöðuflokkur Egyptalands hefur forðað athæfið og hvatt málum til að standa vörð um trú sína.

**SUÐVESTURKJÖRDÆMI** Nítján gefa kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Nítján í Suðvesturkjördæmi

**PRÓFKJÖR** Í Suðvesturkjördæmi gefa alls nítján einstaklingar kost á sér í prófkjörinu.

Þeir eru: Anna Sigríður Guðnadóttir, Árni Páll Árnason, Bjarni Gaukur Þórmundsson, Bragi Jens Sigurvinsson, Guðmundur Steingrímsson, Guðrún Bjarnadóttir, Gunnar Svavarsson, Gunnar Axel Axelsson, Jakob Frímann Magnússon, Jens Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján Sveinbjörnsson, Magnús M. Norðdahl, Sandra Franks, Sonja B. Jónsdóttir, Tryggvi Hardarson, Valdimar Leó Friðriksson og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

- ks

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**

# Viðurkenning fyrir okkur

Við erum fyrsta sjálfstæða farsímafélagið í heiminum sem fær að nota vörumerkið Vodafone. Þessi mikla viðurkenning felur í sér spennandi tækifæri fyrir okkur og viðskiptavini okkar. Við höfum leitt samkeppni, tryggt betri þjónustu, stuðlað að lægra verði og aukið vöruúrval. Nú gerum við enn betur og því hefur þú ríkari ástæðu en áður til að slást í hópinn. Það er markmið okkar að gera viðskiptavinum kleift að nýta tímann til hins ýtrasta, því hvert augnablik er dýrmætt. **Gríptu auggnablikið og lifðu núna.**



**1. Hver fer með utanríkismálum í nýrri samsteypustjórn í Svíþjóð?**

**2. Hvað greiðir hver Íslendingur háa upphæð vegna þjófnaða og mistaka á ári?**

**3. Hver leiðbeinir Íslendingum í svokallaðri detox-meðferð í Pólland?**

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Feitar mæður eiga við fjölmörg heilbrigðisvandamál að stríða:

## Seinni meðgöngur erfiðari

**BRETTLAND** Konur sem byngjast um of á meðgöngu og eiga erfitt með að tapa aukakilónum aftur, geta átt von að fjölmörgum fylgikvillum og vandamálum í síðari meðgöngum, segir í nýrri sáenskri rannsókn sem birt var í læknatímáritinu Lancet sem fréttavefur BBC fjallar um.

„Tiltóulega lítil byngdaraukning milli þungana getur leitt til alvarlegra sjúkdóma,“ sagði Eduardo Villamor, einn læknanna sem leiddu rannsóknina.

Nokkur aukakiló, jafnvel meðal kvenna sem ekki eiga við offituvandamál að stríða, geta haft gríðarlega mikið að segja. Ef

konur eru nokkrum kílóum þyngri eftir fæðingu fyrsta barns síns en þær voru fyrir þungun, aukast líkurnar á of háum blóðþrýstingi, sykursýki og andvana fæðingum í síðari meðgöngum, kemur fram í rannsókninni.

Sérfræðingarnir hafa miklar áhyggjur af niðurstöðunum vegna sívaxandi offituvandamáls heimsins. Miðað við þróunina undanfarrið, má gera ráð fyrir að tveir þriðjuhlutar kvenna í vestræna heiminum verði of þungar eða þjáist af offitu árið 2010.

Eitt hundrað og fimmtíu þúsund sánskar konur tóku þátt í rannsókninni.

- smk



**HEILBRIGÐ MEÐGANGA** Konur sem byngjast um of á meðgöngu geta átt von á frekari erfiðleikum í síðari meðgöngum.

Forsætisráðherra Ungverja:

## Nýtur trausta bingmeirihluta

**UNGVERJALAND, AP** Þjóðþingið í Ungverjalandi hefur samþykkt traustsyfirlýsingu á ríkisstjórn Ferencs Gyurcsány forsætisráðherra, sem jafnframta bað þingið afsökunar að hafa ekki tekist af fullri alvöru á við efnahagserfiðleika landsins fyrir þingkosningarnar í apríl síðastliðnum.

Gyurcsány hefur sætt harðri gagnrýni í landinu eftir að upptökur birtust af ræðu, þar sem hann sagðist hafa logið stanslaust um efnahagsástandið í aðdraganda kosninganna.

Hann lagði sjálfur fram tillögum um traustsyfirlýsinguna, sem samþykkt var.

- gb

Vinningar verða áhendu hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeið.

## Hátt í 50 ára gömul tæki ófullnægjandi

Tæki og tól á Keflavíkurflugvelli þarfnað endurnýjunar. Huga þarf að endurnýjun á 27 ára gamalli ratsjá og næstum 50 ára gömlum snjóplógi auk fleiri tækja til að uppfylla öll skilyrði, segir framkvæmdastjóri Keflavíkurflugvallar.

**SAMCÖNGUR** Tæki og tól á Keflavíkurflugvelli eru allt að fimmtíu ára gömul og þarfnað endurnýjunar. Nauðsynlegt er bregðast við stöðunni sem uppi er til þess að efla öryggi flugvallarins til framtíðar liðið. Þetta segir Björn Ingi Knútsson, framkvæmdastjóri Keflavíkurflugvallar.

„Eftir að Bandaríkjumenn höfuð draga úr eftirlitshlutverki komu upp vandamál sem við þurfti að bregðast,“ segir Björn Ingi. „Bandaríkjumenn drógu smátt og smátt úr fíjáframlögum í verkefni á Keflavíkurflugvelli sem bitnaði á viðhalds- og eftirlitshlutverki. Þeir höfðu um árabil séð vel um flugbrautirnar en síðan fór að halla undan fæti eftir því sem átímann leid. Það kom upp einu sinni að flugvél rann til á hálli flugbrautinni, vegna þess að brautin hafði ekki verið sandborin, og eftir þetta atvik beittum við okkur fyrir því að eftirlitið yrði hert.“

Björn Ingi segir nauðsynlegt að endurnýja ratsjána sem er á Keflavíkurflugvelli.



**LEIFSSTÖÐ** Endurnýja þarf tækjakost flugvallarins í Keflavík segir framkvæmdastjóri.

víkurflugvelli auk annarra tækja sem notað eru til þess að viðhalda öryggi á vellinum. „Mörg tæki á flugvellinum er orðin gömul. Endurnýja þarf 27 ára gamla ratsjá sem allra fyrst, þó hún sé búin að reynast vel og hafi verið haldið við af góðu starfsfólkum um árabil. Það sama á við um snjóplógi sem notaður er á vellinum, en hann er frá árinu 1957. Til þess að flugvöllurinn uppfylli öll öryggis-skilyrði þurfa tækin að vera í takt

við nútímaþarfir og ég tel það vera ábyrgðarhluta af minni hálfu að benda á þessi atriði, vegna þess að þetta er alþjóðaflugvöllur þjóðarinnar.“

„Endurnýja þarf 27 ára gamla ratsjá sem allra fyrst, þó hún sé búin að reynast vel og hafi verið viðhaldið af góðu starfsfólkum um árabil.“

Björn Ingi Knútsson, framkvæmdastjóri Keflavíkurflugvallar.

magnush@frettabladid.is

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október 2006

## Kosningaskrifstofa - opnum við Austurvöll

Í dag, sunnudaginn 8. október kl. 16:00, opnum við kosningaskrifstofu Guðfinnu S. Bjarnadóttur í Landsímahúsinu við Austurvöll.

Við bjóðum alla velkomna til að kynna sér málefni frambjóðandans, biggja kaffiveitingar og njóta dagsins með okkur.

Við hlökkum til að sjá þig!

Stuðningsfólk Guðfinnu S. Bjarnadóttur



# Guðfinna S. Bjarnadóttir

Valfrelsi og skapandi umhverfi

3.  
sætið

HANDHAFAR VILDARKORTA  
VISA OG ICELANDAIR

ISLENSKAR AUGLYSINGASÍÐAN/VISA ICE 34447 10/2006

# VILDARFERÐIR Á HÁLFVIRÐI

TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA ICELANDAIR



50% afsláttur af Vildarpunktum þegar greitt er með þeim fyrir flugferð til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu eða Bandaríkjunum.

**SÖLUDAGAR:** 9., 10. og 11. okt.

**FERÐATÍMABIL:** 15. okt. til og með 10. des. (síðasta heimkoma).

Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir í þessu tilboði, fyrir börn að 16 aldrí.

+ Bókaðu á [www.vildarklubbur.is](http://www.vildarklubbur.is) og sparaðu 2.000 kr. að auki



**Vildarklúbbur**

Fyrsta vika kosningaþings:

## Rökræðan sem gleymdist

### PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

**S**ú var tíð að fremur letilegt yfirbragð var á Alþingi fyrstu þingdaga á haustin. Þar á hafa orðið góð og eftirtektarverð umskipti. Umræður á lögjafarsamkomunni hefjast nú af talsverðum brótti og nokkurri snerpu.

Pegar vika er liðin af síðasta þingi kjörtímbilsins hafa umræður farið fram um stefnuræðu forsætisráherra og búið er að ljúka fyrstu umræðu fjárlaga. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa aukinheldur efnt til umræðna utan dagskrár um þau efni sem þeir telja allra brýnast að varpa pólitísku kastljósi á.

Eðlilega hafa umræður um efnahags- og fjármál verið tímafrekar þessa daga. Og ekki kemur á óvart að tekist hafi verið á um varnar- og öryggismál. Hitt vekur samt mesta athygli að mikilvægasta pólitísku viðfangsefni samtímans skuli hafa verið veitt að mestu framhjá Alþingi í þessari að öðru leyti ágætu þingþyrjun.

Það er ekki aðeins að skólamálin og vísindastarfsemin ráði mestu um efnahagslega framtíð þjóðarinnar. Nútíma skólastarf hefur í ríkum mæli tekið við af heimilunum um móturn lífsgilda og lífsháttu. Hvernig í ósköpunum getur það gerst að rökræða um þessi efni skuli ekki vera uppistaðan í umræðuvef þingmanna þegar línur eru lagðar um þau efni sem mestu máli þykja skipta?

Að vísu er það svo að forsætisráherra reifaði þessi mál með heldur ítarlegri hætti en venja stendur til í stefnuræðum. Það var helsta undantekningin frá þogninni. Sannleikurinn er sá að margvislegar og góðar breytingar hafa orðið síðustu ár á þessu svíði.

Mikilvægi menntamála er þannig vaxið að forsætisráherrar eiga í raun rétti að láta þau meir til sín taka en önnur viðfangsefni. Vonandi má líta á stefnuræðuna sem smáan vísi í þá veru. Ríkisstjórnin hefur enga ástæðu til feimini um þá hluti.

Fjárfamlög til menntamála hafa stóraukist. Háskólanemendum hefur fjölgæð ríkulega. En það vantaði skýrari skilaboð um framtíðina. Og stjórnarandstöðuflokkarnir hafa trúlega talið að meir svíði undan gagnrýni á örðum svíðum en þessu. Um þeirra framtíðarsýn var líka þögn.

Staðreynd er að aukin fjárfamlög hafa enn ekki skilað meiri og betri námsárangri. Hvernig á að knýja á um að svo verði? Hvaða tímasettu áætlanir og hvers kyns gæðaeftirlit að gera þar að lútandi?

Er ásættanlegt að aðeins einn framhaldsskóli hafi vottað gæðamat? Hvenær á að hrinda tillögum um nýtt framhaldsskólastipulag í framkvæmd? Á bara að vera unnt að umbuna kennurum í launum eftir starfsaldri en ekki hæfni? Hvaða hug ber pólitíkin til sjálfstæðra skóla?

Er það markmið að reka meirihluta af tú minnstu háskólum í heimi? Eða er vilji til pólitískrar forystu um að lyfta Háskóla Íslands upp í fremstu röð?

Efnahagsleg framtíð þjóðarinnar liggur meðal annars í spurnum af þessu tagi. Það þarf að velja og hafna og gera upp á milli hagsmunu á þessu svíði. Þar um þarf pólitískra rökræðu. Hún gleymdist.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Andús Þorgeirsdóttir, Sigríður Björk Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björn Guðmundsson og Páll Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili að höfuðborgarsvæðinu. Akureyri og þéttbyggðsvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsþygðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabónum um endurgjaldi.

issn 1670-3871

### Miningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar:

### Námsstyrkir í verkfræði og raunvísindum.

Stjórn sjóðsins auglýsir hér með eftir námsstyrkjum vegna náms á skólaárinu 2006-2007. Styrkirnir eru ætlaðir nemendum í verkfræði og raunvísindum og hafa þeir einkum verið veittir nemendum í doktorsnámi.

Með umsóknum skulu fylgja staðfesting á skólavist og námsárangri, tvenn meðmæli, ferilskrá og önnur þau verk sem umsækjandi telur að komið geti að gagni við mat umsóknar. Umsóknum ber að skila til Alþjóðaskrifstofu Háskólastigssins, Neshaga 16, IS 107 REYKJAVÍK eða í tölvupósti til Sigurðar Brynjólfssonar, formanns sjóðsstjórnar, sb@hi.is. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunu <http://www.hi.is/~sb/minningarsjodur>. Umsóknarfrestur er til 23. október 2006. Stefnt er að því að tilkynna úthlutun í lok nóvember.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Þorsteinn selur

Þorsteinn Guðmundsson hefur dregið sig í hlé sem manneskja og mun hér eftir lífa sem típa. Eða svá segir á heimasiðu hans. Ljóðabók hans Barkakýli úr tré er nú í búðum og Þorsteinn heldur að hann þurfi að prenta fleiri eintök vegna þess að bókin er að seljast. Þetta segir Þorsteinn alveg nýja reynslu fyrir sig og að jafnvon von á Nóbelsverðlaunum. Ljóðabókin er feiknaskemmtileg og hér er dæmi: Alþöru karlmennið gá standpínu við uppvaskið.



#### EKKI GAMAN Á BINGI

Dagni Jónssón bingkona Framsóknarflokksins ætlað að hætta þingmennsku í vor. Hún greindi

frá þessari ákvörðun sinni á fundi með flokksystkinum sínum á Djúpavogi í fyrradag en orðrómur um það að Dagni væri á leið út úr stjórnámum hefur verið á kreki um skeið. Dagnju mun ekki hafa líkað hversu mikil ósætti var á meðal þingfloks framsóknarmanna þótt hún segði reyndar að ósættið væri ekki ástæða brottfarar sinnar úr stjórnámum. Brothvarf hennar gefur nýlum hins vegar færí að þingsæti í þessu höfuðvígí Framsóknarflokksins. Meðal þeirra sem eru orðaðir við framboð í Norðausturkjördæmi er Sæunn Stefánsdóttir ritari.



#### DAVÍÐ ÞÓR GERIR USLA

Davíð Þór Jónsson kann aldeilis að skrifa Bakþanka hér í Fréttablaðið sem vekja viðbrögð. Grein hans um meinta neikvæðni Reykja-

vík Grapevine kom af stað margradda mótmælakórum sem sungu sitt lagið hver og ekki síður kom Bakþankagrein hans um meint ofstæki Vantrúar-trúleysingja af stað harðvítugum umræðum á netinu. Maetti eflaust gefa út bók sem jafnast í lengd að við meðal íslenska skáldsögu með öllum þeim texta. Davíð Þór hefur nú komið upp ofstekisvakt á heimasiðu sinni þar sem réttur folks til að trúva verður varinn og meininger in er að rýna á gagnrýnni hatt í greinar hinna vantrúuðu. Það er því útlit fyrir langa orðræðu og eins gott að taka með sér svéfólk af að fylgjast með henni. Nú er það að sjá hvaða viðkvæma hópi Davíð Þór tekur á Bakþökkunum næst.

gunnarh@frettabladid.is

## Umferðarhnútar skerða lífskjör



#### ILLUGI GUNNARSSON

Í DAG | Dýrmæt tímásóun

ingarnar eru afleitar. Ef við gefum okkur til deimis að á hverjum vinnudegi eyðum við hálftíma aukalega að leið okkar í og úr vinnu þá þýðir það 2,5 ónýttir tímar á viku, tíu tímar á mánuði, 120 á ári ef ekkert frí er tekið; samtals fimmtíðan vinnudagar á ári.

Meðalstarfsævin er um fimmtíðar ár, en ef tafirnar eru eins og að ofan er lýst fara 750 starfsdagar í ergelsi og bið í umferðinni, það eru tæplega þrjú starfsára. Hefur nokkurt okkar efni á sílikri sónum á hinum einu takmörkuðu gæðum lífsins: tímamanum?

Þetta er jafnframt gríðarlegt tap fyrir þjóðfélagið. Við spillum umhverfinu okkar með því að bílarnir menga meira sem þessu nemur. Óþarfur útbláurstur koltvíssýringar er alvarlegur vandi, en bíll sem er í gangi 120 tíma aukalega á ári er skaðrædis mengunarvaldur. Bensiði sem við eyðum aukalega kostar sitt og bílarnir slitna hráðar en ella. Þessar umferðartafir kosta bæði beinhráða peninga og menga umhverfið. Það er vont til þess að hugsa um þjóðarframleiðslu eina og sér þá eigin við að hugsa um þjóðarvelfert, það hvernig okkur líður í samfélaginu okkar, hvernig við verjum tímamanum. Auðvæð er það hannig að við getum ekki lagt tölulegt mat á þjóðarvelfert. En það segir sig sjálf að fjárfestingar í umferðarmannvirkjum sem leiða til þess að við tilgetum varið meiri tíma í faðmi fjólskyldunum en ella, borga sig vel upp á þann mælikvarða.

Hvort sem við horfum á þjóðarframleiðslu eða þjóðarvelfert þá er skynsamlegt að ráðast gegn umferðartöfum í höfuðborginni. Því fyrst, því betra.

### Ofbeldi gegn börnum og unglungum

#### UMRÆÐAN

Viðbrögð við ofbeldi

Því miður búa ekki öll börn á Íslandi í öruggu og góðu umhverfi. Á síðasta ári bárust Barnaverndarstofu 5.879 tilkynningar sem jafngildir því að sextán tilkynningar hafi borist daglega árið 2005. Tæpur helmingur þessara tilkynninga voru vegna gruns um ofbeldi eða vanrækslu gegn börnum og unglungum.

Þessar tölur sýna okkur að það er hópur barna og unglunga á Íslandi sem býr við vanrækslu eða eru beitt ofbeldi, líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu.

Þessar tölur eru sláandi og við þeim þarf að bregðast. Það er mikilvægt að þeir sem starfa með börnum og unglungum séu meðvitaðir um ábyrgð sína og skyldur og geti lesið í vísbindingar um að vanræksla eða ofbeldi eigi sér stað.

Þekking þeirra sem starfa með börnum og unglungum skiptir því miklu máli. Það er mikilvægt að þessir aðilar þekki einkenni, afleiðingar og viðbrögð við ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist. Ábyrgð starfsfólks sem vinnur með börnum og unglungum er mikil og það er nauðsynlegt að þekking á þessum málum sé til staðar svo hægt sé að grípa inn í og stöðva hvers kyns ofbeldi



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

og vanrækslu sem fyrst. Menntamáraláðuneytið og Félag fagfólks í frítímaþjónustu standa fyrir námskeiðum næstu mánuði um hvernig bregðast eigi við vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglungum. Námskeiðin eru byggð á efni bókarinnar, Verndum þau, Höfundar bókarinnar eru þær Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir en þær hafa báðar mikla reynslu af barnaverndarmálum. Bókin var gefin út í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Æskulýðsráð ríkisins.

Námskeiðin eru ætluð öllum þeim sem starfa með börnum og unglungum í skólamárlíðum, íþróta-, félags- og æskulýðsstarfi ásamt þeim sem áhuga hafa. Í þessari lotu verða haldin tuttug og fjögur námskeið viðs vegar um landið og verður fyrsta námskeiðið haldið í Árborg í október.

Ég hvet alla þá sem koma að starfi með börnum og unglungum til þess að nýta sér þessi námskeið. Ábyrgð þeirra er mikil enda mikil í húfi. Það er brýtt að þeir sem vinna með börnum og unglungum skilji og átti sig á mikilvægi þess að rétt sé brugðist við ef barn býr við óviðunandi aðstæður. Börnin eiga að fá að njóta vafans.

Höfundur er menntamálaráðherra.



Árið 1916 var Briet Bjarnhéðinsdóttir fyrst kvenna kosin varamaður á þing.

## Öldin okkar?

Árið 1916 buðu konur sig fyrst fram til þings. Fyrst kvenna náði Briet Bjarnhéðinsdóttir að verða varamaður landskjörinna þingmanna. Í þau 90 ár sem síðan eru liðin hafa 58 konur verið kjörnar á þing - 9% allra þingmanna. Á þingi hafa 115 konur til viðbótar setið tímabundið sem varamenn. Öldin sem leið opnaði fyrir jöfn tækifæri kynjanna. Það er okkar að nýta öldina sem líður til að hámarka tækifæri alls mannaúð landsins - kvenna jafnt sem karla.

Ráðherraskipuð nefnd  
um aukinn hlut kvenna í stjórmálum

H-N markaðssamskipti / SA

## Konur tökum þátt!

Hvatningarfundur mánudaginn 9. október kl. 20:00 á Nordica Hótel, sal A, 1. hæð

Í pontu stíga:

Guðrún Agnarsdóttir Guðrún Helgadóttir Ingibjörg Pálmadóttir Margrét Frímannsdóttir Sólveig Pétursdóttir  
Fundarstjóri - Sigríður Árnadóttir fyrrv. fréttamaður.

Fundurinn verður sendur út á vef félagsmálaráðuneytisins [www.felagsmalaraðuneyti.is](http://www.felagsmalaraðuneyti.is)

## BRYNDÍS HLÖÐVERSÐÓTTIR

Það er verst í pólitík þegar eitthvað kraumar undir yfirlborðinu.

Bryndís hætti á þingi fyrir nokkrum misserum og er nú deildarstjóri lagadeildar Viðskiptaháskóla á Bifröst.



# tíamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST: 8. OKTÓBER 1918

## Hetjudáð í fyrri heimsstyrjöld

Á þessum degi árið 1918 feldi bandaríski hermaðurinn Alvin C. York 25 þýska hermann og handsamaði 132 til viðbótar í Argonne-skógi í Frakklandi. Þessi dáið bjargaði smárr heerdeild Yorks frá útrýmingu og York hlaut fyrir vikið heiðursorðu.

York fæddist í bjálkakofa í Tennessee árið 1887 og varð fljótt eins og faðir hans afbragðs skytta enda stundaði hann veiðar af miklum móð. Hann þótti óstýrlátur og ólíklegur til afreka en árið 1915 gerðist hann trúður eftir að vinur hans lést í áflögum á bar. Hinn 8. október 1918 voru York og fimmán aðrir hermann undir stjórn liðþjálfans Bernards Early sendir til að ná hernaðarlega mikilvægum stað á



ALVIN C. YORK

sitt vald. Þeir villtust af leið og voru allt í einu staddir á yfirráða-svæði Þjóðverja.

Eftir stuttan skotbardaga gafst ein herdeild Þjóðverjanna upp þar sem þeir töldu að Bandaríkjamennirnir væru mun fleiri en þeir í raun voru. Þjóðverjar í vélbyssuhreiðri stutt frá sáu þó hversu lítill megnugr andstæðingarnir voru og skutu helming herdeilda Yorks niður, þar á meðal liðþjálfann.

York snerist þá til varnar og sallaði hverja skyttuna af annari niður og réðist síðan til atlögu að vélbyssuhreiðrinu. York og eftirlifandi félagar hans tóku níutu þýska hermann til fanga og á leiðinni til baka mættu þeir fjörutu til viðbótar sem ákváðu að gefast upp.

## MERKISATBURÐIR

- 1720 Sex mans farast þegar skriða fellur úr Vatnsslalsfjalli á bæinn Bjarnastaði í Austur-Húnavatnssýslu.
- 1871 Um þrjú hundruð mans farast í miklum bruna í Chicago í Bandaríkjunum.
- 1910 Enskur togari rænir sýslumannir og hreppstjóra Barðstrendinga og flytur þá til Englands.
- 1967 Che Guevara er tekinn höndum í Bólívíu.
- 1969 Peter Ustinov leikar kemur til Íslands og er við frumsýningu á leikriti sínu, Betur má ef duga skal.
- 1970 Aleksander Solzhenitsyn hlýr bókmennataverðlaun Nóbels.
- 2003 Arnold Schwarzenegger er kosinn ríkisstjóri.

SIGRÚN RAGNA ÓLAFSDÓTTIR: NÝR STJÓRNARFORMAÐUR DELOITTE HF.

## Priðja konan á heimsvísu

Sigrún Ragna Ólafsdóttir var kjörin stjórnarformaður Deloitte á Íslandi fyrir viku síðan. Hún er þar með orðin ein af premur konum sem gegna þeirri stöðu hjá Deloitte á heimsvisu, en fyrirtekið er með starfsemi í 150 löndum.

Sigrún sagði starfið leggjast mjög vel í sig þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. „Mér finnst þetta spennandi og mjög gaman að fá að taka virkun þátt í stjórnun fyrirtækisins okkar,“ sagði Sigrún, en hún hefur þegar hafið störf. Sigrún, sem er einn af eigendum Deloitte á Íslandi, heldur störfum sínum sem endurskoðandi hjá fyrirtækinu áfram, samhlíða nýjum skyldum. Þar að auki leggur hún stund á MBA-nám við Háskólan í Reykjavík. „Fólkí finnsta nú merkilegt að ég sé að bæta við mig frekari en að minnka umsvifin. En þetta er bara spurning um að vera skipulögð og kunna að forgangsráða,“ sagði hún.

Sigrún segir tækifaði til að hafa áhrif á rekstur og stefnu fyrirtækisins heilla hana einna mest við nýja starfið. „Ég hlakka til samskiptanna við Deloitte á alþjóðavísu. Það verður gaman að fá að taka þátt í stefnumótun þar og innleiða það besta sem gerist erlendis í fyrirtækinu hér heima.“ Hún sagði engar stórkostlegar stefnbreytingar vera í vændum. „Við erum bara altaf að bróast og breytast til að vaxa með viðskiptalífinu. Við erum hér til að þjóna atvinnulífinu. Það breytist mjög hratt og við þurfum að breytast með.“

Fáar konur eru í stöðum stjórnarformanna hjá fyrirtækjum Deloitte og segir Sigrún það endurspeglast í viðskiptalífinu. „Þar eru líka fleiri karlar en konur í forsvari. Svo erum við konur líka fámennar í endurskoðendastéttinni yfirhöfuð.“ Hún segist þó ekki vera sérlega upptekin af kynjahlutföllum. „Ég hef lifað og hrærst í þessu umhverfi svo lengi að ég er bara liðsmaður eins og hver annar. Ég tek þátt í þessu alveg sama grundvelli og strákarnir,“ sagði Sigrún.

[sunna@frettabladid.is](mailto:sunna@frettabladid.is)



SIGRÚN RAGNA ÓLAFSDÓTTIR Fagnar tækifærinu til að hafa áhrif á stefnumótun hjá Deloitte.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

## AFMÆLI

Steinar S. Waage kaupmaður er 74 ára.



Lára Margrét Ragnarsdóttir, fyrverandi alþingismaður er 59 ára.

Hekla Dögg Jónsdóttir myndistarkona er 37 ára.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.



Ástkar móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
f. 19. desember 1926,

andaðist á heimili sínu Skjóli, Kleppsvegi 64, laugardaginn 30. september. Jarðsungið verður frá Laugarneskirkju föstudaginn 13. október kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Félags aðstandenda Alzheimer-sjúklings.

Sveinn Rúnar Hauksson	Björk Vilhelmsdóttir
Óttar Felix Hauksson	Guðny Pöll Ádalsteinsdóttir
Sigríður G. Hauksdóttir	Evald Sæmundsen
Sigfús Guðfinnsson	Andrea Henk
Guðmundur Guðfinnsson	Lena María Gústafsdóttir
Maria P. Guðfinnsdóttir	Hörður Hauksson
barnabörn og barnabarnabörn.	



Elskuleg móðir míð, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svanhvít Svava Sigurðardóttir**  
Hvassaleiti 58, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 1. okt. verður jarðsungin þriðjudaginn 10. okt. kl. 15.

Edda Kolbrún Metíusalemsdóttir	Ómar Kristjánsson
Stefán M. Ómarsson	Birna Gísadóttir
Georg H. Ómarsson	Klara Elíasdóttir
Ómar Pór Ómarsson	
Svava María Ómarsdóttir	
Ómar Björn Stefánsson	
Stefán Gísli Stefánsson	

**LEGSTEINAR**  
Fjölbreytt úrval - Sutur afgreiðslufrestur!  
REIN

**LEGSTEINAR  
OG FYLGHLUTIR  
Í MIKLU ÚVALI**

Steinsmiðjan MOSAIK

Hamarhöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)



Elskuleg dóttir míð, móðir, tengdamóðir, amma, sambýliskona og systir  
**Ragnheiður Björnsdóttir**  
Kleppsvegi 126, 104 Reykjavík,

lést af slysförum 1. október síðastliðinn.

Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 9. október kl. 13.

Vigdís Bjarnadóttir	Ásdís Sturlaugsdóttir
Bjarki Jónsson	
Aron Snær Bjarkason	
Hildur Bjarkadóttir	
Valdimar Long	
Margrét Ingvadóttir	Kristinn Guðmundsson
Porgeir Ingvason	Guðrún Porgeirsdóttir



Móðir okkar og tengdamóðir,  
**Anna Margrét Sigurðardóttir**  
Hringbraut 50, (áður Bólstaðarhlíð 45)

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 3. okt. 2006.

Guðrún Hanna Kristjánsdóttir	Magnús Guðjónsson
Margrét Kristjánsdóttir	Jón S. Friðjónsson
Sigurður Órn Kristjánsson	Ingibjörg M. Karlsdóttir

# allt að verða vitlaust í nettó

## frábær stemning

þú sparar  
300 kr/kg

50%  
afsláttur við kassa

Verð nú 299 kr/kg  
Verð áður 599 kr/kg

Goða reyktur grísabógor

þú sparar  
720 kr/kg

40%  
afsláttur við kassa

Verð nú 1.079 kr/kg  
Verð áður 1.799 kr/kg

Helgargrís með pestó á ítalska vísu

þú sparar  
200 kr/kg

20%  
afsláttur við kassa

Verð nú 798 kr/kg  
Verð áður 998 kr/kg

Goða hamborgarar 10 stk.

þú sparar  
240 kr/kg

40%  
afsláttur við kassa

Verð nú 359 kr/kg  
Verð áður 599 kr/kg

Ísfugl kjúklingaleggir

þú sparar  
486 kr/kg

20%  
afsláttur við kassa

Verð nú 1.942 kr/kg  
Verð áður 2.428 kr/kg

SS koníaksgrísalundir

30%  
afsláttur við kassa

McCain franskar 1 kg.

þú sparar  
210 kr/stk

McCain dagar  
í nettó

30%  
afsláttur við kassa

Verð nú 389 kr/stk  
Verð áður 599 kr/stk

McCain pizzur

þú sparar  
161 kr/stk

35%  
afsláttur við kassa

Verð nú 289 kr/stk  
Verð áður 459 kr/stk

McCain súkkulaðikökur

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 8. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

- \* **Barnabækur**
- \* **Handbækur**
- \* **Kiljur**
- \* **Ritsöfn**
- \* **Ættfræðibækur**

- \* **Ævisögur**
- \* **Skáldverk**
- \* **Unglingabækur**
- \* **Ljóðabækur**

# SÍÐASTI DA LAG!

**Fellsmúla 28**  
(gamla World Class húsið)

**Bækur á  
broslegu verði  
- nú er tækifærið  
til að ná sér í  
eitthvað að  
lesa fyrir  
fjölskylduna!**



- \* Listaverkabækur
- \* Fræðibækur
- \* Stórvirki

# GURINN! VERSALA EDDU

15-90% afsláttur

OPIÐ  
í dag  
kl. 11-19





1.000 kr.  
aukaafsláttur

Ef verslað er fyrir  
7.500 kr. eða meira í dag!

## Frábær tilboð:

1.

Allir sem versla  
á markaðnum  
fá vandaða bók í kaupbæti.




2.

Öll börn sem koma  
á markaðinn  
fá gefins  
Andrésblað!

Þeir sem kaupa  
fyrir meira en 10.000 kr.  
fá Heim hrygg-  
leysingjanna  
í kaupbæti.

3.

Sparaðu  
þúsundir  
króna!



BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!

e  
E d d a



Á LEIÐ TIL MALAVÍ Hjónin Sigurður Guðmundsson landlæknir og Sigríður Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, munu dvelja við þróunaraðstoð í Malaví næsta árið.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Hvítir fílar og flóðhestar

Sigurður Guðmundsson landlæknir og eiginkona hans, Sigríður Snæbjörnsdóttir, hjúkrunarfræðingur og framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, halda til Malaví í Afríku um næstu helgi. Par munu þau starfa við þróunaraðstoð næsta árið. *Sigríður Hjálmarsdóttir* sótti hjónin heim og ræddi við þau um komandi ævintýri.

**S**igríður og Sigurður fóru til Afríku ásamt fleirum síðasti-liði vor og segja hugmyndina að ársdölinni upphaflega hafa kvínað í þeiri ferð. „Við fórum til Suður-Afríku og áfram til Malaví og Úganda. Par komum við inn á starfsstöðvar Próunarsamvinnustofnunar Íslands en með í ferðinni var einn af stjórnarmönnum stofnunarinnar, séra Hjálmar Jónsson,“ segir Sigríður og bætir því við að hann hafi ýtt því svoltið að þeim að laus störf væru í Malaví. „Hann var mjög lúmskur með þetta og ég er ekkert viss um að neitt hefði orðið úr þessu nema af því að hann fór að ræða þetta við okkur en okkur fannst hugmyndin alveg út úr kortinu til að byrja með.“

Sigurður bætir við að þau hjónin hafi farið að hugsa um það fljótt-lega eftir komuna til Malaví að þetta væri eitthvað sem gæti verið gaman að vinna einhværn tíma að. „Okkur renndi þó aldrei í grun að það yrði svona fljótt,“ segir hann og hlær. Sigríður segir það einmitt

oft vera bannig að mann langi til að gera eitthvað þessu líkt en síðan verði aldrei neitt úr því. Tíminn lífi bara og eitthvað annað spennandi taki við.

„Síðan hringdi Hjálmar í okkur eftir að við komum heim til að minna okkur á þessar lausu stöður barna úti en ég tókst nú ekki loft yfir því heldur þakkaði honum bara pent fyrir þessa ábendingu,“ segir Sigurður brosandi og Sigríður tekur við: „Svo var það ekki fyrr en einn sunnudagsmorgun í sumar að við sáum úti í garði með morgunkaffið að ég sá auglysingu í blaði um að það vantaði læknis-menntaðan mann í þetta starf. Þar var talið upp hvað þessi maður ætti að gera og það var bara mjög spennandi og alveg rakið fyrir okkur. Við veltum þessu þá aðeins fyrir okkur og hringdum síðan aftur í tittefnanum stjórnarmann.“ Hjónin segja að eftir símtalið hafi hjólin farið að snuast. „Við fórum á fund Sighvats Björgvinssonar, framkvæmdastjóra Próunarsamvinnustofnunar og þaðan til ráð-

herra til að fá launalaust leyfi í eitt ár. Síðan bara áður en við vissum af vorum við búin að segja já og sáum fram á ársdöfl í Afríku,“ bætir Sigríður við og hlær að tilhugsuninni.

## Byggja upp umdæmispítala

Sigurður segir í gríni að það virðast allir vera svo feginir að þau séu að fara af landi brott því fólk sé almennt svo rosalega ánægt með þessa ákvörðun. Hann bætir síðan við alvarlegri í bragði: „Fólk hefur í raun tekið þessu alveg ótrúlega vel og allt óðruvísi en við áttum von á en við erum óskaplega ánægt með það,“ segir Sigurður en Sigríður vill minna að þau séu alls ekki fyrsta fólkid sem fer til Afríku að vinna að þróunarmálum. „Það má ekki gleyma því að það er buið að vinna barna alveg gríðarlega mikil og gott starf nú þegar og við göngum bara inn í það. Ragnhildur Rós Indriðadóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, og Lovisa Leifs dóttir læknir hafa verið í Malaví undanfarin tvö ár

og staðið sig mjög vel og náttúrlega aðrir á undan þeim.“

Sigurður segir að í stuttu máli felist verkefni þeirra hjóna í Malaví í því að byggja upp umdæmispítala. „Síðan í svæði þar sem rúmlægum hundrað þúsund manns búa. „Í kringum sjúkrahúsíð eru reknar fimm heilsugæslustöðvar innan umdæmisins sem verða allar undir okkar ráðgjöf. Próunarsamvinnustofnun Íslands hefur verið að vinna að þessu verkefni síðan árið 2000 en þá byrjaði stofnunin að skipta sér af heilbrigðispjónustu í Malaví.“ Sigurður segir uppbyggingu spítalans hafa gengið frekar hægt í byrjun þar sem heimamenn hafi ekki haft trú á þessari nýjung. „Aðsóknin hefur hins vegar aukist mjög að undanförfu enda hafa forverar okkar eftir starfið mjög mikil. Nú er verið að byggja upp skurðstofu, rannsóknarstofu og ráðgjafar- og göngudeildaraðstöðu, sem verður okkar fyrsta hlutverk að sjá um,“ bætir hann við en þeim hjónum er fyrst og fremst ætlað að sinna þjónustu, ráðgjöf og stuðningi við þá uppbyggingu sem framundan er.

## Hvitir filar

Sigríður segir að ekki sé reiknað með því að þau gangi inn í klínísk störf á staðnum heldur eigi þau að ýta verkefninu áfram og halda utan um það. „Það er mikil áhersla lögð á að þeir sem komi til með að leiðbeina séu ekki mikil að ganga inn í hlutverkin á sjúkrahúsini því þeir verða að geta gengið út þaðan öruggir um að verkefnið haldi áfram án þeirra,“ segir hún og heldur áfram: „Það er mjög algengt að vestrinar þjóðir skilji eftir sig hina svo svo kólluðu „hvítu

fila“ í þróunarlöndunum. Það eru þá ýmist verkefni sem þeir hleypa af stokkunum eða tækjabúnaður sem hviti maðurinn gefur en fer síðan í burtu án þess að gera heimamenn sjálfbjarga með að haldla hlutunum gangandi.“

Sigurður bætir því við að þau eigi að vinna verkefnið á forsendum þeirra sem búa í Malaví en ekki á eigin forsendum. „Við megum ekki koma með einhver gildi frá okkur sem okkur finnst vera stórgóð, enda þurfa þau ekkert endilega að ganga upp á þessum slóðum. Við verðum að setja okkur á þeirra stig, sem er ekkert endilega lægra heldur bara óðruvísi. Óðruvísi gengur svona þróunaraðstoð ekki upp. Hugsunaráttur, menning, manngildi, tekjur og umhverfi eru þarna eins og á annar plánetu bannig að við verðum bara að setja okkur inn í þeirra aðstæður og vinna með þeim,“ segir hann og heldur áfram: „Við þurfum náttúrlega að ganga að þessu með ákvæðna auðmýkt og virðingu í huga. Það býðir ekkert að koma þarna blaðskellandi og halda að maður hafi allar lausnir. Það er alls ekki bannig því þetta verður að vera mjög langt ferli.“

## Gríðarleg fátækt

Sigríður og Sigurður verða á mjög dreifðu svæði í Malaví sem nefnist Apaflói. Þar búa flestir við mikla fátækt en innan um er mjög efnadó fólk sem kemur annars staðar frá. Fyrst og fremst eru það Indverjar sem reka verslanir í Malaví og mala gull á fátæklingunum. „Um 85 prósent þjóðarinnar býr í þorþum en Malaví er eitt þéttbýlasta land Afríku. Þar búa um þrettán milljónir manna á um 120.000 ferkilómetra svæði en það



## Staðreyndir um Malaví

Mannfjöldi: 13 milljónir  
Höfuðborg: Lilongwe  
Stærð landsins: 118,484 ferkilómetrar  
Helstu tungumál: Enska, chichewa (bæði opinber)  
Helstu trúarbrögð: Kristni, Islam  
Lifslíkur: 40 ár (karlar), 40 ár (konur)  
Gjaldmiðill: 1 Malaví kwacha (MK) = 100 tambala  
Helstu útflutningsafurðir: Tóbak, te, sykur, bómull  
Tekjur á íbúa: um 11.000 f.kr.

er aðeins stærra en Ísland. Reyndar þekur Malavívatnið um fimmting af landinu," segir Sigurður og bætir við: „Algengstu híbýli manna eru kofar úr heimatalibúnnum leir sem er brenndur í mürsteina í þorpunum og stráþök. Það er ekkert rennandi vatn í þorpunum og ekkert rafmagn. Drykkjarvatnið er sótt í Malavívatnið, sem er mengað, eða í borholur sem hjálparstofnanir hafa borað en þær eru sæmilega hreinar og virka stundum og stundum ekki.“ Sigurður bætir því við að lífslíkur manna séu 36-37 ár, miðað við um áttatíu ár hér og ungbarndauði er um 120-130 á hver þúsund fædd börn en það er þrjátíu til fjörutíu sinnum hærra en hér.

„Parna deyr fólk að mestu leyti úr AIDS, malaríu, vannæringu eða iðrasjúkdóum, eins og kóleru. Krabbamein og kransæðasjúkdómar eru ekki vandamál þarna því fólk lifir ekki svo lengi. Vegna alnæmisins þá vantar í heilu kynslöðirnar og þá sérstaklega karlmanni á aldrinum 20-40 ára. Ömmurnar sitja þá eftir með fjöldann allan af barnabörnum frá kannski tveimur til premur barna sinna,“ segir Sigurður.

**Vilja þroskast fram í andlátíð**  
Aðspurð hvort þau telji að dvölín í Malaví komi til með að hafa áhrif á þau sem manneskjur segir Sigríður: „Já, það er engin spurning og kannski að hluta til þess vegna sem við erum að fara. Maður tekur þessa ákvörðun í hálferðu bríarífi og lætur verða af þessu. Við hjónin ræðum stundum um það hvort þetta ár verði kannski það eftirminnilegasta úr lífi okkar þegar við komum heim aftur.“ Hún tekur þó fram að þau séu alls ekki með neina glýju í augum því þau geri sér grein fyrir að þetta verði mjög erfitt. „Barna er mikill hiti, moskítóflugur um allt og því einhverjar líkur á að við fáum malaríu og



„Það þýðir ekkert að koma þarna blaðskellandi og halda að maður hafi allar lausnir.“

ýmsa aðra sjúkdóma. Þetta brýtur að minnsta kosti upp það líf sem við höfum lifað hér á Íslandi að undanförnu og það er líklega ágætt. Úg er alveg sannfærð um að við komum til með að sjá hlutina í allt öðru ljósi þegar við komum heim aftur.“

Öll þrjú börn hjónanna eru uppmokin og búsett í Bandaríkjunum og játa hjónin því að það sé ein af ástæðunum fyrir því að þessi tími sé heppilegur til að fara í svona ferð. „Það skiptir ekki öllu máli hvort við séum í Afríku eða Evrópu, það er nánast jafnlangt frá börnum. Þeim fannst þetta mjög góð hugmynd en því er ekki að neita að foreldrum okkar finnst þetta mjög sérkennilegt hjá okkur,“ segir Sigríður.

Sigurður segir þau hjónin vera þeirrar skoðunar að maður eigi að þroskast alveg fram í andlátíð. „Við erum kannski að reyna að gera það með þessu. Þetta er meira að segja þegar farið að hafa mikil áhrif á okkur. Við erum farin að hugsa nokkuð öðruvísi, farin að tala um aðra hluti, lesa um aðra

hluti, taka að okkur ýmsar upplýsingar sem við höfðum ekki gert áður, hitta öðruvísi fólk, komin með aðra sýn á lífið og tilveruna.“ Hann bætir því við að ótrúlega margir hafi komið að máli við þau og sýnt gríðarlegan áhuga á þróunarhjálp og langar að leggja eitt-hvað til. „Það er náttúrlega besta mál að fólk sýni hjálparstörfum áhuga,“ segir Sigurður.

#### Nú reynir á

„Við erum búin að afla okkur heilmikilla upplýsinga um Malaví og dvölinu þar en eigung samt alveg örugglega eftir að verða fyrir raunveruleikaáfalli þegar við erum búin að vera þarna í smátíma og við erum að reyna að búa okkur undir það,“ segir Sigríður.

Hjónin koma til með að vinna sem teymi við spítalann og segja það eitt af því sem sé svo heillandi við ferðina. „Við höfum aldrei unnið saman áður að faglegum málum þannig að það verður gaman að sjá hvernig teymishugsjónin virkar,“ segir Sigurður en hins sérmenntun í læknisfræði felst í lyflækningum og smitsjúkdóum en það er einmitt mjög heppilegt fyrir starf hans næsta árið. Framhaldsnám Sigríðar er hins vegar stjórnun, sem hún hefur starfað við í um tuttugu ár.

Hjónin játa því að næsta árið muni heldur betur reyna á samkomulagið milli þeirra. „Já, heldur betur,“ segir Sigríður og hlær. „Nú verður ekkert hægt að hlauta í burtu og fara í fylu. Það er bara gjörsamlega enginn sem maður getur farið til.“

Hér heima er fólk almennt upptekti yfir sjónvarpi, vinum og fleiru en lítið er um slíkt í Malaví. „Nú erum við búin að pakka niður heilu kofforti af bókum og öðru af geisladiskum. Frítminn verður allt öðruvísi enda skreppur maður ekkert í leikhús eða bió. Þannig að við sjáum fyrir okkur að við getum notað tímann í að lesa eða hlusta á tónlist,“ segir Sigríður en Sigurður bætir því við að ef þau ætti í verslunarferð þá þurfi þau að fljúga alla leið til Jóhannesarborgar.

#### Hættulegir flóðhestar

Aðspurð út í dýralífið á svæðinu segir Sigríður það vera þinulítið áhyggjuefni að flóðhestar séu í nábýli við þau. „Það eru ekki beint húsdýr sem maður vill hafa mjög nálægt sér. Þeir eru víst mjög hraðskreiðir, þótt þeir beri það ekki með sér því þeir eru svo þunglamalegir að sjá en þeir fara víst á fljúgandi ferð þegar þeir fara af stað. Það er búið að gefa okkur það ráð að ef við hittum flóðhest þá eigum við að standa alveg kyrr því þeir sjá mjög illa og sjá fólk og dýr einkum ef þau eru á hreyfingin. Þetta er kannski ekki alveg það sem manni myndi fljúga fyrst í hug ef maður sæi flóðhest,“ segir hún hlæjandi og bætir við: „En það er mikil af flóðhestum í Malaví og eitthvað af krókódfilum og sebrahestum en lítið eftir af ljónum. Við höfum heyrta það af forverum okkar að flóðhestar hafi verið að nudda sér utan í húsin þeirra á kvöldin en það hefur víst verið eitthvað minna af því upp á síðkastið. En þetta kemur allt í ljós.“

Sigurður segir mesta áhyggju-efnið varðandi dýralífið vera moskítóflugurnar sem séu öflugir smitberar. „Síðan er hættulegur smitsjúkdómur í vatninu og því ekki hægt að synda í því nema á völdum stöðum.“ Sigríður segir það synd að hafa þetta yndislega fallega vatn fyrir utan húsið og fallega strönd án þess að geta synt í því. „Við verðum bara að fara í sérstakar strandferðir á svæði þar sem óhætt er að synda,“ segir Sigríður að lokum og þau hjónin halda áfram að undirbúa ársdsvölinu í Malaví.

sigridur@frettabladid.is

# Samkeppni um útilistaverk

í tengslum við stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar



#### Orkuveita Reykjavíkur auglýsir eftir listamönnum til þess að taka þátt í samkeppni um gerð útilistaverks við stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar.

Frumdrögum (teikningu eða ljósmynd) skal skilað inn á tveimur A4 blöðum þar sem verkið er sýnt frá tveimur hliðum. Einnig fylgi með stutt greinargerð um hugmyndina að baki verkinu, efnisval og uppbyggingu á A4 blaði. Heimilt er að senda jafnframt inn á CD eða DVD viðbótarupplýsingar ef höfundur/höfundar álita það nauðsynlegt til skýringar á tillögu/tillögum.

#### Ákveðið hefur verið að takmarka á engan hátt með hvaða hætti listamennirnir nálgast viðfangsefni sitt. Samkeppnin er opin almenn hugmyndasamkeppni.

**Veitt verða þrenn verðlaun.**  
**1. verðlaun: 1.200.000 kr.**  
**2. verðlaun: 600.000 kr.**  
**3. verðlaun: 300.000 kr.**

#### Þegar úrslit liggja fyrir í samkeppninni verða tillögurnar almenningi til sýnis í sýningarsal Orkuveitunnar 100° á Bæjarhálsi 1.

#### Samkeppnin verður haldin samkvæmt samkeppnisreglum SÍM.

Hugmyndum skal skilað inn undir dulnefni og skulu A4 blöðin merkt með dulnefninu í hægra horni að neðan. Möguleg viðbótargögn á CD eða DVD skulu merkt með sama hætti. Ó gegnsætt umslag merkt sama dulnefni fylgi með, en í því sé nafn, kennitala og heimilisfang höfundar eða höfunda. Öllum er heimilt að senda inn tillögur.

Nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna á vefsíðu Orkuveitunnar, [www.or.is](http://www.or.is).

Dómnefd skipuð fulltrúum Orkuveitunnar og Sambands íslenskra myndlistarmanna sér um framkvæmd samkeppninnar. Tilgangur samkeppninnar er að fá fram tillögur sem til þess eru fallnar að útfæra í fullri stærð. Að lokinni samkeppni verður tekin ákvörðun um hvaða verk verður valið til frekari útfærslu og uppsetningar. Stefnt er að því að gerð listaverksins og uppsetningu þess verði lokið árið 2007.

Nánari upplýsingar gefur trúnaðarmaður dómnefndar, Bergþóra Ingólfssdóttir hdl., netfang: [bergthora.ingolfsdottir@mandat.is](mailto:bergthora.ingolfsdottir@mandat.is). Tillögur skal merkja: Útilistaverk - Hellisheiðarvirkjun. Trúnaðarmaður dómnefndar tekur á móti tillögum þriðjudaginn, 5. desember 2006 á milli kl. 12:00-16:00 í anddyri höfuðstöðva Orkuveitunnar, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

# Engir hnappar hjá þeim heittrúuðustu

Það er fátítt að fregnir berist af Amish-fólkini í Kanada og Bandaríkjum, enda er hér um afar friðsaman og hófsaman sértrúarsöfnud að ræða. Þó komst Amish-fólkid í fréttir í vikunni eftir að vopnaður karlmaður réðst inn í lítinn Amish-barnaskóla og skaut túi telpur í höfuðið áður en hann framdi sjálfsmorð. *Sigrún María Kristinsdóttir* kynnti sér hefðir og siði Amish-fólkins.

**A**mish-fólkid er ekki ókunnugt ofsóknunum.

Þetta er hópur kristinna bókstafstrúarmanna sem settust fyrst að í Pennsylvaniu á þriðja áratug átjándu aldar. Margir þeirra voru á flóttu undan ofsóknunum fyrrverandi samlanda sína í Sviss og Þýskalandi, þar sem þeir voru harðlega gagnrýndir fyrir stranga mótmælendatrú sína.

Innflytjendumir stofnuðu lítil samfélög í Pennsylvaniu og víðar og nú búa um tvö hundruð þúsund afkomendur þeirra í yfir tuttugu ríkjum Bandaríkjanna, sem og í Ontarió-fylki í Kanada. Flestar búa þó i Ohio, Pennsylvaniu og Indiana.

Þetta fólk lifir eftir hefðum mótuðum fyrir iðnvæðinguna, því það telur vestrað nútímaþjóðfélag syndugt og spillt og reynir að hafa eins lítið með það að gera og hægt er.

## Siðir og venjur

Við fyrstu sýn er engu líkara en að Amish-fólkid hafi einfaldlega stigið út úr sveitaporpi 19. aldar. Þetta fólk er þekkt fyrir vinnusemi, aga og trúræknir og lifir afar hefðbundnu lífi líkt og fólk gerði fyrir á tímum. Það notast ekki við nútímaþægindi sem bykja sjálfsögd á flestum vestraðum heimilum og hafa margir til dæmis hvorki rafmagn né síma á heimilum sínum. Einnig eru hljóðfæri bönnuð.

Flestar karlmenn sinna landbúnaði, en konurnar eru heima með börnin og sjá um heimili og sauma-skap. Börnin byrja að hjálpa til við vinnu fullorðinna um leið og þau hafa aldur til.

Dráttarvélar fyrirfinnast varla í þessu samfélagi þar sem flestar notast við hestvagna frekar en bíla. Akurvinnuvélar eru dreagnar með múldýrum og fjölskyldur ferðast eftir þjóðvegunum í litlum, yfirbyggðum vögnum sem dreignir eru af vödvastæltum hestum.

Mikið er um heimsóknir milli fólks í söfnuðinum og allar trúar-athafnir eru haldnar í heimahúsum, og geta verið afar mannmargar. Að meðaltali eru sjó börn í hverri fjölskyldu og hefur Amish-fólk farið mjög fjölgandi síðan á sjöunda áratugnum.

Flestar eru brýtingdir og tala sína eigin mállysku heima (eins konar blöndu af ensku og býsku sem gjarnan er kölluð pennsylvani-hollenska), háþysku við kirkjuathafnir og læra ensku í skólanum.

Amish-fólkid rekur sína eigin barnaskóla sem börnin ganga í til brettán ára aldurs og hafa bandarískir dómstólar gefið Amish-fólkini undanþágu frá lengri skólastyldu á grundvelli trúfrelsis. Jafnframt gegnir Amish-fólk hvorki herþjónustu né piggur félagslega þjónustu frá ríkisjörninni, heldur sinnir það sínu fólk sjálf sé það hjálparþurfi.

Utanaðkomandi er heimilt að ganga í Amish-söfnuðinn, en það er afar óalengt því flestum reynist erfitt að afneita hefðbundnum nútímaþægindum.

## Fatnaður

Hefðbundinn klæðnaður Amish-fólkins gerir það að verkum að ekki fer milli mála hvaða hópi þetta fólk tilheyrir.

Karlmann og drengir ganga í dökkuum jakkafötum og nota axlabönd og bardaðstóra stráhatta. Eftir að karlmenn kvænast, láta þeir skegg sitt vaxa, en yfirvaraskegg er bannað vegna langrar sógu þess innan herja heimsins, sem þeir vilja ekkert hafa með að gera.

Konur skerða ekki hár sitt, heldur vefja það á hnút og eru gjarnan með litla hvítu eða svarta hatta á höfði. Þær ganga í einföldum dökkuum kjólum með síðum ermum og víðum, síðum pilsum og eru með svuntur og sjöln.

Hjá þeim heittrúuðustu eru meira að segja hnappar bannaðir, þar sem þeir geta hvatt til hégómagirndar og bykja minna á búninga hermannia.

## Trúin

Amish-trúin er komin af trú mennónita, sem voru hluti af anabaptista-hreyfingunni í Evrópu á tímum síðaskiptanna. Árið 1693 stofnaði mennónítinn Jacob Amman og félagar hans Amish-trúarhóppin, því Amman taldi mennónítina vera hætt að fylgja trúinu eins og þeim bæri.

Amish-menn leggja áherslu á guðrækni, hófsemi og bókstaflegan skilning á Bíblíunni og skíra fólk ekki fyrir en það nær fullorðins aldra.

Trúin afneitar ofbeldi og hvetur til fyrirgefningar, enda höfðu talsmenn Amish-fólkins samband við ekkju mordöngjans örþáum klukkustundum eftir atburðinn og sögðust hafa fyrirgefið voðaverkið og báðu fyrir henni.

„Ég vona að hún [fjölskyldan] búi hér áfram og að hún eigi marga vini og njóti mikils stuðnings,“



**KÝRNAR MJÓLKADAR** Fæstir Amish-bændur handmjólk kyr sínar í dag, heldur nota til þess nútímatækni, sem þó gengur ekki fyrir rafmagni.

NORDICPHOTOS/AFP



**TÓBAKSUPPSKERA** Amish-bændur notast ekki við dráttarvélar líkt og flestar aðrir bandarískir bændur, heldur beita þeir hestum fyrir vagna sína.

NORDICPHOTOS/AFP

geta leyft að rafmagn sé notað undir ákveðnum kringumstæðum. Flestar Amish-bændur nota einnig nútíma akurvinnuvélar, þótt þær séu dreagnar af hestum en ekki með dráttarvéum. Fáir handmjólk kýrnar, heldur notast langflestir við ný tæki, sem þó ganga ekki fyrir rafmagni.


Sumir hópar leyfa meiri sam-skipti við umheiminn en aðrir og í Ohio-ríki heldur til dæmis hópur Amish-fólkus úti vefverslun, þar sem hægt er að kaupa búta-saumsteppi og handuninni húsgögnum.

Að sjálfsögðu koma upp vanda-mál meðal Amish-fólkins líkt og annars staðar, en þeir halda þeim oftast fyrir sig.

En þó að byssur séu tiltölulega algengar á Amish-heimilum, því þær eru notaðar við veiðar á villtum dýrum, hefur lítið farið fyrir byssuglæpum í samfélögum þeirra hingað til.

Þó fer Amish-fólkid ekki var-hluta af þrýstingi frá umheiminum og segja fréttaskýrendur að bandarísk lög um barnaþrælkun ógni nú hefðbundnu lífi þess.

## EFTIRLÆTIS GULIR HLUTIR



# Sófa dagar

## 15-60% afsláttur

Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 12. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
skemmtilegast að versla

# Upphafið að endalokum kalda stríðsins

Mikhaíl Gorbatsjov, síðasti leiðtogi Sovétríkjanna, sækir Ísland heim í vikunni í tilefni af því að rétt 20 ár eru frá því að hann hitti Ronald Reagan, þáverandi Bandaríkjaforseta, í Höfða. Fyrirlestur Gorbatsjovs á fimmtudaginn verður hápunktur dagskrár til minningar um leiðtogafundinn, sem að dómi sérfróðra markaði upphafið að endalokum kalda stríðsins. *Auðunn Arnórsson* rifjar upp aðdraganda fundarins og arfleifð Gorbatsjovs.

**G**orbatsjov var yngsti maðurinn sem gegndi leiðtoga-hlutverkinu í Sovétríkjnum, en hann var 54 ára þegar hann tók við eftir andlát Júri Andropov í mars 1985. Hann tók fljótt til við að reyna að hrinda í framkvæmd umbótum sem forða átti efnahagi Sovétríkjanna frá hruni og stöðvun vígbúnaðarkappalaupsins varð mikilvægur liður í þeiri stefnu hans. Innri umbæturnar fengu einkunnarorðin *glasnost*, „opnun“, og *perestrojka*, „endurbygging“.

Umbæturnar sem Gorbatsjov efndi til heima fyrir í Sovétríkjum gerðu hann mjög umdeildan bar, bæði í flokksapparatu og meðal almenningars, en með hinum nýju áherslum í utanríkisstefnum gat hann sér góðan orðstír á alþjóðavettvangi. Í valdatíð sinni sóttist hann eftir því að bæta sam-skiptin og efla viðskipti við Vesturlond með því að draga úr spennu í kalda stríðinu. Hann kom á nánum tengslum við nokkra lykilleitoga Vesturlanda, svo sem Helmut Kohl Pýskalandskanslara, Ronald Reagan Bandaríkjaforseta og breska forsætisráðherrann Margaret Thatcher, en um Sové-leiðtoggann léti hún þessi fleygu orð falla: „Mér líkar vel við herra Gorbatsjov – við getum átt viðskipti.“

## Fyrsti fundurinn með Reagan í Genf árið 1985

Gorbatsjov hafði skilning á því að tengsl voru á milli þess að ná árangri í að draga úr spennu í tog-streitu risaveldanna og að ná árangri í umbótum heima fyrir. Þess vegna hóf hann strax og hann komst í aðstöðu til þess að beita hinni „nýju hugsun“ í utanríkis-stefnum. Í apríl 1985 lýsti hann

flaugum í Evrópu, beggja megin járnjaldsins, yrði eytt, og að stefnt skyldi að því að eyða öllum kjarnorkuvopnum fyrir árið 2000.

Pessar tillögur Gorbatsjovs, oft kallaðar janúar-tillögurnar, voru mikil sprengja í afvopnunarviðræðum risaveldanna. Úmræður um afvopnunarmál snerust á árinu 1986 að mestu um það hvernig bregðast skyldi við þessum tillögum Gorbatsjovs. Pessar umræður voru aðdragandinn að leiðtogafundinum í Höfða 11.-12. október 1986.

## Janúartillögur og Reykjavíkurfundur

Yfirlýst umræðuefni fundarins var niðurskurður meðaldrægra kjarnorkuvopna í Evrópu. Niðurstaða viðræðanna, sem kom ráð-gjöfum leiðtogganna tveggja mjög á óvart, varð að þeir sættust í meginatriðum á að eyða öllum kjarnorkuvopnum á næstu tíu árum. Vegna gagnkvæmrar tortryggni og deilna um áförmáða eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjumanna varð að vísu ekkert úr því að tímamótasamningar væru undirritaðir á Reykjavíkurfundinum, en almennt er nú álitíð að hann hafi rutt brautina fyrir samningana um meðaldræg kjarnorkuvopn (á ensku Intermediate-Range Nuclear Forces, INF), sem undirritaðir voru í júlí 1987.

## Austurblokkinn hrynnur

Það var síðan á árinu 1988 sem Gorbatsjov lýsti því yfir að Sové-stjórnin hefði horfið frá Brésnev-stefnum svonefndu, sem þyddi að Moskvuvaldi myndi hætta að skipta sér af innanrikismálum lepríkjanna í Austurblokkinni. Þessi stefnubreyting reyndist ein



**HÖFÐAHANDABANDIÐ**  
Reagan og Gorbatsjov heilsast í hausthrýsingnum á tröppum Höfða, 11. október 1986. NORDICPHOTOS/AFP



Ingvi Hrafn Jónsson stóð fréttavaktina fyrir 20 árum:

## Prófraun sem við stóðumst með glans

Morgum Íslendingum er minnisstæðast frá leiðtogafundinum biðin langa í beinni útsendingu Sjónvarpsins eftir því að leiðtognar birtust í dyrum Höfða. „Petta var svona dæmigerð íslensk vertíðarstemning þar sem allir lögðust á eitt. Álagið var gríðarlegt, en við stóðumst þessa prófrauna með glans, og uppskárum hversu mikið afrek

taeknideild Sjónvarpsins, og allt starfslið fréttadeildarinnar, vann þessa viðburðaráku daga í október 1986.

„Petta var svona dæmigerð íslensk vertíðarstemning þar sem allir lögðust á eitt. Álagið var gríðarlegt, en við stóðumst þessa prófrauna með glans, og uppskárum hversu mikið afrek

allra fyrir vikið,“ segir Ingvi. En Ingvi Hrafn segist samt hafa á tilfinningunni að við íslendingar hefðum ekki enn náð að gefa Höfða þann sess sem honum bæri sem staðarins þar sem sögulegum áfanga í mannyngssögunni var náð, staðarins þar sem „fyrsti steinninn fell úr Berlínarmúnum“.

Þegar Gorbatsjov tók við friðarverðlaununum um miðjan október 1990 grunaði reyndar fáa að rúmlega ári síðar yrðu Sovétríkin liðin undir lok. „Glasnost“ og „perestrojka“, umbótastefna Gorbatsjovs, hafði styrkt sjálfstæðishreyfingar í lýðveldum Sovétríkjanna. Eystrasaltslöndin

ur niður og Samveldi sjálfstæðra ríkja tók við af Sovétríkjunum sem eina límið sem hélt fyrverandi lýðveldum Sovétríkjanna saman.

Gorbatsjov stofnaði árið 1992 pólítísku stofnun sem við hann er kennd. Hann bauð sig fram í forsetakosningunum í Rússlandi árið

hans, Raíssa, dó úr krabbameini á þýsku heilsuhæli árið 1999.

En Rússar hafa almennt lítið á síðasta Sovéleiðtoganum. Þeir tengja nafn hans við hrunið bæði á heimsveldishlutverki og efnahagi landsins. En viðhorfs-kannanir í Rússlandi benda þó til að meirihluti Rússa sé ánægður



## Með Vigdísí

Gorbatsjov-hjónin, Raíssa og Mikhaíl, í heimsókn að **Bessastöðum** hjá Vigdís Finnibogadóttur, þáverandi forseta Íslands. Vigdís tók líka á móti Reagan Bandaríkjaforseta.



## Raíssa í íslenskri sveit

Raíssa Gorbatsjova heillaði landann með hjartanlegri framkomu í Íslandsheimsókninum. Meðan eiginmaðurinn sat í Höfða að tala um kjarnorkuvopn heimsótti hún heimafólk að **Búrfelli í Grímsnesi**. Í faðmi gestsins



## Á blaðamannafundi

Gorbatsjov á blaðamannafundi í **Háskólabíói** að Höfðafundinum loknum. Honum á hægri hönd situr Edúard Shevardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna.



## Reagan ávarpar varnarlið

Reagan Bandaríkjaforseta ávarpaði **Varnarliðið** áður en hann kvaddi.



## Tekið við friðarkyndli

Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, tekur við **friðarkyndli** sem hlaupið var með til landsins í tilefni leiðtogafundarins.

yfir að Sovétmenn væru hættir að koma upp fleirum SS-20 meðaldrægum kjarnorkuflaugum í Evrópu. Síðar saman ár lagði Gorbatsjov til að bæði risaveldin myndu skera kjarnorkuvopnabúr sín niður um helming. Í nóvember átti hann fyrsta fund sinn með Ronald Reagan, í Genf í Sviss. Þótt ekkert samkomulag hafi komið út úr þeim fundi komst þar á persónulegt samband milli leiðtogganna og þeir ákváðu að hittast oftar.

Í janúar 1986 kom Gorbatsjov fram með þá róttæku tillögu að öllum meðaldrægum kjarnorku-

sú allra afdrifaríkasta, enda leiddi hún á skómmum tíma til þess að kommuníastastjórnirnar í Mið- og Aust-Evrópu misstu völdin hver á fætur annarri. Alls staðar fóru þessar byltingar friðsamlega fram, nema í Rúmeníu þar sem kommuníalistaleiðtogginn og einræðisherrinn Ceausescu var tekinn af lífi á jólum 1989. Að Moskvuvaldið skyldi losa um tökin á Austurblokkinni leiddi bannig til falls járnjaldsins og endaloka kalda stríðsins, en fyrir þetta félle friðarverðlaun Nóbels árið 1990 ískaut Gorbatsjovs.

lýstu yfir sjálfstæði árið 1990, sem loks hlaut alþjóðlega viðurkenningu síðla ágústmaðar 1991, eftir að hershöfðingjar í sovéska hernum reyndu að ræna völdum í örvaentingartilraun til að hindra hrun Sovétríkjanna. En það voru ekki bara Eystrasaltsríkin sem sögðu sig úr lögum við Sovétríkin; mestu munuði um sjálfstæði rússneska sambandsríkisins. Sem forseti þess komst Borís Jeltsín í aðstöðu til að skáka sínum gamla keppinaut, Gorbatsjov. Í nóvember 1991 var Kommunistaflokkur Sovétríkjanna lagð-

1996 en fékk aðeins um eitt prósent atkvæða. Í nóvember 2001 stofnaði hann ásamt samherjum Sósíaldemókrataflokk Rússlands, bandalag rússneskra jafnaðarmannaflokka.

## Tvískipt arfleifð

Gorbatsjov nýtur almennt góðs orðstírs á Vesturlöndum fyrir þann stóra þátt sem hann átti í að binda enda á kalda stríði. Í Þýskalandi er hann gríðarvinsæll, enda telja Þjóðverjar sig standa í mikilli þakkarskuld við hann fyrir þátt hans í sameiningu Þýskalands. Eiginkona

með markmið perestrojkunnar, ekki síst frelsinu sem þessi stefna Gorbatsjovs hafði í för með sér fyrir borgaranar.

Stríðið í Afganistan og vígbúnaðarkappalaupið við Bandaríkin hafði hrakið Sovétríkin að barmi gjaldbrots. Efnahagslíf Sovétríkjanna var á brauðfórum begar Gorbatsjov komst til valda árið 1985. Að lokum reyndust tilrauna hans til endurbóta og „opnunar“ Sovétríkjanna of máttvana og þær komu of seint, og leppriðin brugðust við í samræmi við það. Kalda stríðin lauk með hruni Austurblokkarinnar. ■

# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



## SENIOR TESTER/QA ENGINEER

Betware is a software and services company offering a complete range of gaming software solutions to the gaming industry. Betware's visionary approach enabled it to start early with the online gaming business, launching its operations in 1996. Since that time Betware has always had its pulse on the market with constant research, new developments and games and a very secure and up-to-date gaming environment.

### Education and experience criteria:

- Degree in Computer Science / Software Engineering or similar
- An understanding of Java, Linux and SQL environments
- An understanding of databases.
- Experience in testing tools is a plus
- Experience in quality control and work procedures
- Strong communication and documentation skills
- Strong language skills
- Be willing to work in teams
- Adaptive and ready for challenging scenarios
- Willing and able to travel

### Responsibilities:

- Quality Assurance
- Manual Testing
- Automatic Testing
- Documenting and executing test plans
- Maintain test environments

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



**LANDSPÍTALI**  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH) er stærsti vinnustaður landsins. Heildarstaður fasteigna LSH er um 160 000 m<sup>2</sup>. Sjúkrahúsumverfið bíður upp á fjölbreytt og krefjandi verkefni, á sviði byggingar-, lagna- og umhverfismála. Mikil samskipti eru við klíniska fagaðila og framundan er þátttaka í undirbúnungi að nýju háskólasjúkrahúsi.

## DEILDARSTJÓRI BYGGINGARDEILDAR

Landspítali – háskólasjúkrahús, skrifstofa tækni og eigna óskar eftir að ráða deildarstjóra byggingardeilda. Í boði er krefjandi starf með spennandi verkefnum framundan.

### Starfssvið

- Daglegur rekstur deildarinnar
- Verkefnastjórnun, áætlanagerð og stýring verkefna á hönnunar- og framkvæmdastigi
- Samskipti við byggingaryfirvöld, ráðgjafa og notendur LSH

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Framhaldsmenntun (M.Sc.) æskileg
- Sjálfstæði, metnaður og frumkvæði í starfi
- Mjög góð samskiptahæfni
- Góð tungumálakunnáttu

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólk til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttékur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## HÖNNUN OG UMBROT

Vegna ört vaxandi starfsemi og verkefna óskar DAC ehf. að ráða starfsmann til starfa við hönnun og umbrot í 50-100% starf. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í skráningardeild lyfjaheilda.

### Starfssvið

- Hönnun á þökkunarefnin
- Umbrot og frágangur prentverka
- Samskipti við prentsmiðjur
- Umsjón með heimasíðu
- Umsjón með gögnum sem lúta að skráningum
- Ýmis önnur verkefni á vegum deildarinnar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á umbroti og framsetningu prentefnis mikilvæg
- Góð alhliða tölvukunnáttu og þekking á netinu
- Færni og þekking á teikni- og umbrotsforritum
- Góð íslenskukunnáttu skilyrði, enskukunnáttu æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og hugmyndaauðgi
- Samstarfshæfni, nákvæmni og skipulagshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## FORSTÖÐUMAÐUR FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐS

Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs.

### HLutverk og ábyrgð

- Yfirumsjón með þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið.
- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri og starfsemi sviðsins
- Ábyrgð á stefnumótun
- Frumkvæði í þróun og innleiðingu nýjunga
- Samstarf við yfirstjórn bæjarins, starfsmenn og aðra aðila sem tengast málaflokkum sviðsins

### Menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Reynsla af stjórnun, stefnumótun, mannaforráðum og fjárhagslegri ábyrgð
- Hæfni til að veita forstu
- Framsýni og metnaður í starfi
- Þjónustu- og samskiptahæfni
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til að stýra metnaðarfullu starfi starfsmanna og stofnana bæjarins í þeim málaflokkum sem tilheyra sviðinu og vera einn af leiðandi aðilum í uppbyggingu samfélagsins í Garðabæ.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Einarsson bæjarstjóri á bæjarskrifstofum Garðabæjar í síma 525 8500.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## capacent NÝ OG SPENNANDI TÆKIFÆRI

Capacent IT Services ehf. óskar eftir að ráða two sérfræðinga til starfa í störf við kerfisrekstur og notendaþjónustu.

### Starfsmaður í kerfisrekstur og notendaþjónustu - Ísland

#### Starfssvið

- Notendaþjónusta og umsjón með rekstri upplýsingakerfa
- Umsjón með viðhaldi miðlægra kerfa Capacent og dótturfélaga þess
- Þátttaka í þróun upplýsingakerfa fyrir Capacent

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Microsoft prófgráður
- Góð þekking á rekstri netkerfa í alþjóðlegu umhverfi
- Góð enskukunnáttu skilyrði og dönskukunnáttu kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund

### Starfsmaður í kerfisrekstur og notendaþjónustu - Danmörk

#### Starfssvið

- Umsjón með rekstri upplýsingakerfa á skrifstofu í Danmörku
- Stjórnun breytingaverkefna á sviði tæknimála
- Þátttaka í þróun upplýsingakerfa fyrir Capacent

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á tæknisviði kostur
- Microsoft prófgráður
- Góð þekking á rekstri netkerfa í alþjóðlegu umhverfi
- Góð enskukunnáttu skilyrði og dönskukunnáttu kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund

Leitað er að aðila sem er búsettur í Danmörku.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

**NORÐLENSKA**

# SÖLUMAÐUR

Norðlenska matborðið er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á svíði kjötvöru. Norðlenska er með starfsstöðvar á Akureyri, á Húsavík, í Reykjavík og á Höfn í Hornafirði. Gæðamál eru í öndvegi hjá fyrirtækini og um það vitna m.a. fjölmög verðlaun sem framleiðsluvörur og starfsfólk Norðlenska hafa unnið til í matvælapeppnum, bæði innanlands og utan.

Norðlenska leitar eftir sölumanní á skrifstofu fyrirtækisins á Akureyri. Um er að ræða starf til eins árs, með möguleika á framlengingu.

**Starfssvið**

- Sölumennska
- Móttaka og úrvinnsla pantana
- Samskipti við viðskiptavini
- Ýmis önnur störf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf
- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Þekking á kjöti og kjötvörum kostur
- Góð tölvu- og tungumálakunnáttu
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og fagleg framkoma

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

## UMFERÐAREFTIRLITSMAÐUR

Tvær stöður umferðareftirlitsmanna hjá lögfræðideild, umferðar-eftirliti í Reykjavík eru lausar til umsóknar. Um tímbundnar ráðningar er að ræða í eitt ár. Laun skv. kjarasamningi fjármála-ráðherra og SFR.

**Starfssvið**

- Eftirlit með umferð á vegum
- Skráning gagna
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tölvu- og málakunnáttu
- Meirapróf er æskilegt
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

## VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Staða viðskiptafræðings hjá hagdeild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Starfssvið**

- Undirbúnungur og aðstoð við rekstraráætlanagerð
- Kostnaðareftirlit, kostnaðarsamanburður, útreikningur visitalna, útreikningur á ýmsum töxtum
- Pátttaka í eftirliti með styrktum almennings-samgöngum,
- Pátttaka í ýmsum bókhaldsverkefnum í tengslum við þróun upplýsingakerfa OeBS,
- Tölfræðileg úrvinnsla

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- BA eða BS nám í hag- eða viðskiptafræði
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð þekking á Excel
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Fyrirtækið býður upp á marbreytileg störf, þar sem hugvit, þekking og kunnáttu starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Fyrirtækið leggur áherslu á markvisst og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra tæknisviðs. Um er að ræða spennandi starf hjá fjölbjóðlegu fyrirtæki. Framkvæmdastjóri tæknisviðs er einn af sex framkvæmdastjórum fyrirtækisins og heyrir beint undir forstjóra. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og tekur viðkomandi virkan þátt í stjórnun fyrirtækisins.

**Starfssvið**

- Daglegur rekstur tæknisviðs
- Umsjón með verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna
mánuð í stað þess að vera komin með leið á jólunum loksns þegar þau ganga í garð. Það er ekki einu sinni orðið nógum dimmt úti til að jólastemmingin geti tekið völdin að þessum tíma árs. Svo erum við líka hálfklíkuð þjóð þegar kemur að því að tapa sér í viðfangsefnum og getum myndað mágæsing úr hverju sem er, svo ég vitni nú í Magna-geðveikina í Smáralind að dógunum.

Personulega hef ég kannski blendnar tilfiningar í garð jólanna og desembermánaðar í heild sinni. Ég var nefnilega í mörg ár holdgervingu VR-auglýsinganna þar sem fólkvið sofnaði ofan í súpuskildina. Annað aldrei að njóta jólanna almennilega þar sem ég stóð á bak við afgreiðsluborð tólf tíma sólar-


hrings allan desembermánuð í mörg ár. Með jólatónlistina í eyrunum frá miðjum nóvember og jólaskreytingar fyrir augunum frá október. Hverning væri að við mundum bara segja stopp og neita að taka þátt í jólaundirbuningi þangað til í byrjun desember? Taka róandi og hætta að stressa okkur á einhverju sem ennþá eru þrir mánuðir í.

EKKI SAMT MISSKILJA MIG. ÉG ER MIÐ JÓLABARN OG ELSKA JÓLIN OG ÖLLU SEM ÞVI FYLGIR. EN ÉG VIL EKKI TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG AUK ÞESS ÞAÐ VÆRU EKKI JÓL FYRIR MÉR NEMA ÉG AETTI EFTIR AÐ KAUPA GJAFIR Á ÞORLÁKSMESU OG VÆRI Í EINHVERJU STRESSI ÞANN DAG. ANNAÐ VÆRI BARA SKRÝTIÐ OG HELD ÉG AÐ FLESTIR SÉU SAMMÁLA MÉR Í BEIM MÁLUM.


## myndasögur

Eftir Frode Øverli

### Pondus



### Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

**FRETTABLAÐID**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON OG GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR Farsælt samstarfið ber fallegan ávoxt.

MYND/GÚNDI

## Vonandi bara byrjunin

Söngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson píanoleikari halda útgáfutónleika í Salnum í kvöld og kynna nýútkominn disk með ljóðatónlist Griegs og Schumanns. Þetta er fyrsti einsöngsdiskur Guðrúnar Jóhennu sem hefur fengið afar góða dóma fyrir frammistöðu sína á söngsviðinu bæði hérlandis og erlendis, og Víkingur Heiðar er af mörgum álitinum einn færasti píanoleikari landsins.

Guðrún Jóhanna og Víkingur hófu samstarf sitt fyrir um sjó árum þegar þau voru bæði í námi við Tónlistarskólann í Reykjavík. „Við lékum mikið saman þá, bæði hér heima og erlendis og höfum haldið sambandi æ síðan,“ útskýrir Guðrún Jóhanna en hún fór síðan í framhaldsnám í London en Víkingur stundar nú mastersnám við Juilliard skólann í New York. Draumurinn var þó alltaf að gefa út efnin saman og kemur fyrsta stafræna afurð þeirra út hjá 12 Tónum. Fyrir valinu nú urðu tveir ljóðabálkar sem Guðrún Jóhanna hefur miklar mætur á. „Fyrsta verkið sem við völdum var ljóðaflokurinn Haugtussa eftir Grieg, verk sem fyrsti söngkennarinn minn Ruth Magnússon kynnti mig fyrir á sínum tíma en þetta er einn besti ljóðaflokkur

-khh

sem saminn hefur verið fyrir kvenrödd,“ segir Guðrún Jóhanna. „Hann er líka mjög krefjandi fyrir píanoleikara. Grieg var giftur söngkonu, samdi verk fyrir hana og lék sjálfur undir.“ Guðrún Jóhanna segir að verkið sé sér einkar kært en þau Vikingur hafla flutt það að tónleikum, til dæmis á Kammerhátið á Klaustri í sumar, við frábærar undirtektir.

Á disknum er einnig ljóðaflokur Roberts Schumanns, Frauenliebe und -Leben, sem er um margt líkur ljóðaflokki Griegs því báðir segja þeir sögu af konu sem kynnist ástinni en missir hana síðan. „Við byrjum samt á fjórum ljóðum eftir Grieg, þar á meðal einu gullfallegu lagi, „Vorið“, sem við flytjum í þýdingu Þorsteins Gylfasonar heimspekins og ljóðabýðanda. Hann gerði alveg ofboðslega fallega söngþýðingu sem hefur ekki komið út á geisladiski áður,“ útskýrir hún.

I framhaldinu munu þau einnig halda tónleika að Laugarborg í Eyjafjarðarsveit í nóvember og í Madrid á Spáni þar sem Guðrún Jóhanna er búsett. Aðspurð um framtíðina segir söngkonan að þau muni án efa halda sínu samstarfi áfram, „vonandi er betta bara byrjunin“.

## „SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“

MEIN KAMPF

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**  
Í dag kl. 14 Sun 15/10 kl. 14  
Sun 22/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14

**MEIN KAMPF**

Í kvöld kl. 20 Lau 14/10 kl. 20  
Lau 21/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20

**LEIKHÚSSPJALL**

Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Krunglunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf. Fim 12/10 kl. 20 Allir velkomnir.

**FOOTLOOSE**

Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 12/10 kl. 20  
Lau 14/10 kl. 20 Sun 22/10 kl. 20

**HVÍT KANÍNA**

Nemendaleikhúsíð sýnir nýtt verk eftir hópinn.  
Í kvöld kl. 20 Fim 12/10 kl. 20  
Fos 13/10 kl. 20 Bannað innan 16 ára. Síðustu sýningar

**BRILLJANT SKILNAÐUR**

Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20  
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20  
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**

Sun 29/10 kl. 20 Fos 3/11 kl. 20  
Fos 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20  
Aðeins þessar sýningar.

Októbersýning 1d, 2 ný verk:  
Við erum komin e. Ólöf Ingólfssdóttur og Hver um sig e. Vaðal.

**VIÐ ERUM KOMIN-ÍÐ**

Fim 12/10 kl. 20 frumsýning UPPS.  
Fos 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20  
Fim 19/10 kl. 20 Fos 20/10 kl. 20

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhuis.is

BORGARLEIKHÚSID

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

5 6 7 8 9 10 11

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 17.00 Mótettukór Hallgrímskirkju heldur tónleika í kirkjunní í tilefni af **Norrænum mísíkdögum**. Einleikari er **Sigrún Eðvaldsdóttir** en Hördur Áskelsson stýrir körnum. Á efniskránni eru verk meðal annars eftir Jón Leifs, Veli-Matti Puumala og Atla Heimi Steinsson.
- 20.30 Kammertónleikar í tilefni af **Norrænum mísíkdögum** í



## Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVÍDÍD KL. 20:00

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórssdóttur byggð á sögum Svövu Jakobsdóttur, Fos. 13/10 örfá sæti laus, lau. 14/10, fós. 20/10. Aðeins þessar þrjár sýningar eftir!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.

Í kvöld sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. Aðeins þessar tvær sýningar eftir!

**SUNNUDAGSKVÖLD MED PINTER**

Fyrirlestur um verk Nóbelskálðsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverði í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasolu s: 551 1200

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrún Helgadóttur. Leikgerð illugi Jökulsson. Í dag sun. 8/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 21/10 kl. 14:00, sun. 22/10 kl. 14:00, sun. 29/10 örfá sæti laus.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.

Í dag sun. 8/10 kl. 17:00 uppselt, mið. 11/10 uppselt, fim. 12/10 uppselt, fós. 13/10 uppselt, lau. 14/10 uppselt, sun. 15/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 19/10 uppselt, fós. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 uppselt, fim. 2/11 örfá sæti laus, fós. 3/11, fim. 9/11, fós. 10/11.

**SMÍDAVERKSTÆÐID KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.

Í dag sun. 8/10 kl. 17:00, sun. 15/10 kl. 17:00.

**LEIKHÚSLOFTID KL. 11:00**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.

Í dag sun. 8/10 uppselt, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 örfá sæti laus, lau. 21/10, sun. 22/10.


*Farandaleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker

**Frumsýning í Fjölbautaskóla Suðurlands þri. 10/10 kl. 13:00,** forsýning kl. 10:00. Sýning í Menntaskólanum að Laugarvatni mið. 11/10 kl. 20:00.


Miðasala í síma **551 1200** og á netinu: [www.leikhuisid.is](http://www.leikhuisid.is)

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.



Frumsýning 8. okt. kl. 20 - UPPELT  
Mið. 11. okt. kl. 20 - Nokkr sæti laus,  
Fim. 12. okt. kl. 20  
Fim. 19. okt. kl. 20,  
Fós. 20. okt. kl. 20.  
ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins  
Nánari upplýsingar á: [einleikhuisid.is](http://einleikhuisid.is).

Sýning í Reðhöll Gusts, Alalind 3, Kópavogur



Sýningar í október  
í Landnámssetri

Sunnudagur 8. október kl. 20 Upsselt  
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Upsselt  
Föstudagur 13. október kl. 20 Upsselt  
Laugardagur 14. október kl. 20 Upsselt  
Sunnudagur 15. október kl. 20 Upsselt  
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Upsselt  
Föstudagur 20. október kl. 20 Upsselt  
Laugardagur 21. október kl. 20 Upsselt  
Sunnudagur 22. október kl. 20 Upsselt  
Fimmtudagur 26. október kl. 20  
**Síðasta sýning - Upsselt**

LEIKHÚSTILBOÐ: Tvirréttadur  
kvöldverður og leikhúsmiði  
frá kr. 4300 - 4800  
TEKJÚ Á MÓTI PÖNTUNUM  
frá kl. 10 til 16 mánuðagega  
- límmutuda í síma 437 1600  
Staðfesta þarf miða með greiðslu  
víku fyrir sýningardag



Listasafni Íslands. Stjórnandi er Jan Söderblom en einleikar eru Mikko Luoma harmonikkuleikari og Einar Jóhannesson klarinettuleikari. Sjá nánar á heimasiðu hátiðarinnar [www.listir.is](http://www.listir.is)

## SÍÐUSTU FORVÖÐ

- Sýningu **Lindu Bjarkar Óladóttur** í **Café Karólinu** lýkur 10. október. Linda sýnir litlar koparætingar prykktar á pappi.
- Sýningu **Joris Rademaker** á **Karólinu Restaurant** lýkur þann 10. október. Sýningin ber heitið **Mjúkar/límlur/Smooth lines** og er hluti af seríu sem listamaðurinn vinnur að

Frumsýning 8. okt. kl. 20 - UPPELT  
Mið. 11. okt. kl. 20 - Nokkr sæti laus,  
Fim. 12. okt. kl. 20  
Fim. 19. okt. kl. 20,  
Fós. 20. okt. kl. 20.  
ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins  
Nánari upplýsingar á: [einleikhuisid.is](http://einleikhuisid.is).

Sýning í Reðhöll Gusts, Alalind 3, Kópavogur

## VETRARHÁTIÐ 2007

### STJÓRN VETRARHÁTIÐAR AUGLÝSIR EFTIR DAGSKRÁRATRIÐUM

Vetrarhátið verður haldin í sjötta sinn dagana 22. til 24. febrúar og er undirbúningur þegar hafinn. Við hvetjum listamenn og listunnendur, íþróttafélög og önnur félagasamtök, skólafolk, söfn, gallerí, veitingahús, verslanir, fyrirtæki - og alla þá sem hafa áhuga á að gæða borgina fjölbreyttu og leikandi lífi í febrúar að senda inn hugmyndir og tillögur að dagskráratriðum fyrir Vetrarhátið 2007 **fyrir mánuðaginn 20. nóvember**.

**Þema Vetrarhátiðar 2007 er Frakkland og frönsk menning í tilefni þess að listahátiðin "Pourquoi pas?" (Hví ekki?) hefst á hátiðinni. Hugmyndir að dagskráratriðum þurfa þó ekki að tengjast þemanu.**

Um takmörkuð fjárfamlög til atriða getur verið að ræða og mun stjórn hátiðarinnar meta framög á grundvelli framkvæmdar- og kostnaðaráætlanna. Hlutverk stjórnar Vetrarhátið er almenn samræming og kynning á Vetrarhátið.

**Hugmyndir skal senda á Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, merkt Vetrarhátið eða senda tölvupóst á sif@visitreykjavik.is og evarun@visitreykjavik.is**

Höfuðborgarstofa

Reykjavíkurborg

Orkuveita Reykjavík

Nánari upplýsingar veita Sif Gunnarsdóttir og Eva Rún Þorgeirsdóttir í síma 590 1500

## Hamskipti í Hammersmith

Launsáttur stundum tekst mér að klófesta einsog eitt andartak og koma því undir manna-hendur og stundum verð ég þeiri stund fegnastur þegar því tekst að komast undan einsog var að gerast rétt í þessu.

Úr ljóðabók Kristjáns Kristjánssonar, **Dagskrá kvöld síns**, sem kom út árið 1986. Myndskreytingar gerði Áðalsteinn Svanur Sigfusson.

Bresku blöðin eru tekin að birta umsagnir um svíðsetningu Vesturports á Hamskiptunum eftir Kafka. Verkið hóf göngu sína með forsyningum í Lyric-leikhúsini í Hammersmith, en samstarfsmaður Gísla Arnar Garðarssonar sem leikur og leikstýrir, David Farr, er leikhússtjóri þar.

Dómar hafa birst í þremur blöðum en Vesturport er annar framleiðandi svíðsetningar Gísla og David. Í leikhópnum eru Ingvar E. Sigurðsson og Nína Dögg, auk enskra leikara.

Gagnrýnandi Independent fer hörðum orðum um tiltækið: leikstjórar sýni Kafka enga virðingu og noti hann sem æfingadýnu.

Í Daily Mail er sýningin kölluð



KYNNINGARMYND FRÁ SÝNING-UNNI Gíslu Örn í loftkostum og skuggi þöddunnar í baksýn.

BÓRKUR JÓHANSSON/VESTURPORT

töfrandi meistaraverk. Leikstjórn og tónlist Nick Cave fá hástemmt lof.

Hinn virti gagnrýnandi Michael Billington sem hingað kom í haust og lauk miklu lofsorði á Pétur Gaut í þjóðleikhúsini segist líka hrifinn í dómi sínum í Guardian.

Hamskiptin verða á fjöldum Lyric til 29. október. Nokkur vegur er þangað frá miðborg Lundúna, en í leikhúsinu hafa íslenskir leikarar áður unnið. Gunnar Eyjólfsson lék þar eftir stríð og kom þangað aftur á níunda áratugnum þegar hann, Steinunn Ólina og Baltasar léku þar í Meistaranum eftir Hrafnhildi Hagalín. -pbb



### >Bók vikunnar

Í ritinu **Hversdagsheimspeki** eftir heimspekinginn **Róbert Jack** er meðal annars fjallað um viðleitni mannsins til að lífa eftir hugmyndum sínum, heim-spekilega ráðgjöf, sókratískar samræður og barnaheimspeki. Háskólaútgáfan gefur út en bókin er nýkomin í hillurnar.

## bækur

bækur@frettabladid.is

### SPJALDANNA Á MILLI Halldór Guðmundsson

## Vopnin kvödd

Þá er herinn farinn og með honum er ekki aðeins horfið eitt harðvítugasta deilumál íslenskra stjórnsmála eftir stríð, heldur líka eitt af helstu viðfangsefnum bókmennntana á pessum tíma. Vera hans varð kveikja fjölmargra skáldsagna, smásagna, ljóða og leikrita. Sé vera hersins ekki í forgrunnum, er hún einhvers staðar á bak við, þungbúið leiktjald sem varpar skugga yfir allt sviðið.

Koma hersins var kveikjan að Atómstöð Halldórs Laxness, sem vissulega er ekki besta bók skáldsins, en ein af fáum samtímasögum hans úr Reykjavík, með litrikum persónum og snarprí ádeilu og víða flippuð og fyrin. Og líkt og til að sanna samsæriskenningar bókarinnar hélt sendimaður Bandaríkjanna hér á landi, William Trimble, trúnaðarfundi með Bjarna Benediktssyni utanríksráðherra um hvernig helst mætti koma höggi á Laxness fyrir þessa ósvifnu bók. Þeim komu í hug ritlaun skáldsins í Ameríku og Trimble sendi andstuttur skeytum heim til Washington: „Athugið að orstír Laxness myndi skaðast varanlega ef við komum því til skila að hann sé að reyna að komast undan tekjuskattí.“ Svo FBI var sett í að kanna ritlaunin fyrir Sjálfstætt fólk og allt var þetta upphaf að málafærslum sem lauk árið sem Halldór fékk Nóbélinn. Þessi farsi hefði ekki þótt trúverðugur í bók.

#### Bækur um samfélagsbyltingu

En bækur um herinn voru sjaldnast teknar svona alvarlega, nema njósnadeildin hafi verið sett í að lesa þær í gríð og erg. Þeir hefðu sjálf sagt verið einna lengst að klára Sóleyjarsögu eftir Elías Mar, tveggja binda stórvirkja sem út kom á sjóttá áratugnum. Þegar nánar er að gáð voru þessar sögur sjaldnast um herinn. Hermannirnir sjálfir komu lítið við sögu, þeir voru bara tákni. Tákn um þá miklu breytingu sem varð á íslensku samfélagi strax við hernám Bretta í stríðinu, tákni um hvernig gamla bændamenningin hvarf smám saman, og fjöldamenning þéttbýlisins tók við, tákni um ósigur gamalla gilda. Þannig er það í sögunni Snorrabraut 7, eftir Þórunni Elfu Magnúsdóttur, og í þrifleik Ólafs Jóhannss Sigurðssonar um Pál blaðamann, sem höfst með Gangvirkinu. Verk Ólafs er tregljóð um samfélagsbreytingu sem enginn máttur fékk breytt. Höfundarnir voru ekki að skrifa í þágu sósíalismans, með einstaka undantekningum, hvað þá í þágu Rússu, þótt einhverjur ofstækis-menn séu búin að gera þá alla að aðstoðarfangavörðum í Gúlaginu, þeir voru að skrifa saknaðarljóð um það Ísland sem fæddi þá og ól, og sem var að hverfa.

Herinn var einn af aflgjöfum þessarar breytingar og auðvelt að beina sjónum sérstaklega að honum, af því hann kom að utan. Það skýrir líka þá miklu og stundum yfirgengilegu þjóðernishyggu sem litar sum þessara verka. Sem gerði það að verkum síðar að við sem komum ung í baráttuna gegn hernum, og vorum kannski mest að hugsa um Vietnamstríðið, áttum stundum erfitt með okkur undir endalausum endurflutningi á Sóleyjarkvæði Jóhannesar úr Kötum og Fylgd Guðmundar Böðvarssonar. Hann gat orðið nokkuð stækur, ullarhosufnykurinn af Keflavíkurgöngu-skónum.

#### Ný viðhorf

En hafa þá íslenskar bókmennir misst glæpinn, og standa uppi einsog aldraður uppreisnarmaður án málstaðar? Það er ekki líklegt. Almenningur varð ekki mikilí var við herinn í seinni tíð, að þeim undanskildum sem unnu í herstöðinni, og ef þjóðin finnur til einhvers við brottför hans er það léttir; þeir munu fáir sem sakna hans. Bókmennirnar voru löngu komnar á aðrar brautir. En brottförin getur líka orðið léttir fyrir þær, nú er hägt að skoða þessi mál út allt öðrum áttum og draga fram annars konar lífsreynslu, einsigil til dæmis Herdís Helgadóttir gerði í bók sinni Úr fjörum – íslenskar konur og erlendur her, þar sem hún sýndi hvernig hernámið á stríðsárunum stuðlaði að auknu frelsi og sjálfstæði íslenskra kvenna.

Og svo sakar ekki að minna á að þótt Ísland sé orðið herlaust um sinn, er hervæðing heimsins rétt að byrja.



GYÐR ÓLASSON Kynntist verkum Brautigans fyrst árið 1982.

## Hyldýpið undir yfirborðinu

Ógæfusama konan, síðasta skáldverk bandarískra höfundarins Richard Brautigan, kom út í íslenskri þýðingu Gyrðis Elíassonar á dögunum. Bergsteinn Sigurðsson ræddi við Gyrði um þetta sérstaka verk sem feigðin vofir yfir.

Ógæfusama konan ber undirtitilinn ferðalag og er skráð sem dagbók ferðalangs; hugleidinger hans um lífið og tilveruna sem litast af undirliggjandi trega og ógæfu. „Dessi bók er fráfráðin öðrum verkum Brautigans því hún er mjög sjálfsvíguleg,“ segir Gyrðir. „Í raun og veru er þetta lítið dulbúin dagbók síðustu áranna, skrifuð tveimur árum áður en hann deyr. Mér finnst hann gefa meira færri á sér og sál sinni en í öðrum verkum. Húmorinn er alltaf sterkur en hinir dýpri og daprari undirtónar eru bó áberandi.“

#### Á skjön við hið hefðbundna

Þetta er fjórða skáldsagan eftir Brautigan sem kemur út í íslenskri þýðingu Gyrðis. „Mig minnir að ég hafi fyrst rekist á verk eftir hann í Bóksölu stúdenta árið 1982, ljóðabók sem ég fél strax fyrir, og eftir það týndi ég upp allt sem ég fann eftir hann. Það er býsna margt í verkum hans sem höfðar til míin, þessi sérkennilega ljóðræna og húmor og ekki sist hvernig hann tekst að við formið. Hvort sem um ræðir skáldsöguna, smásöguna eða ljóðið, gengur hann alltaf á skjón við hefðbundnar nálganir og er oft alveg á móti.“

Gyrðir telur að í Bandaríkjum hafi Brautigan ekki verið sýndur sá sómi sem hann á skilið; áhugi á verkum hans hafi iðulega verið meiri utan Bandaríkjanna. „Og var hann bó i mórgu amerískastur höfunda. Hann neitaði hins vegar alltaf að skrifa þessa stóru amerísku skáldsögu sem allir áttu að gera. Auk þess

stóð hann fyrir utan háskólasamfélagið og kom úr annarri átt en flest skáldin. En það var einmitt þetta sem hreif mig. Þetta var maður sem fór alltaf eigin leiðir og gerði nákvæmlega það sem honum sýndist. Ég held ég dáist mest að hvernig honum tekst að burra út öll mörk milli skáldsögu, smásögu og ljóðs og sameina formin í eitt.“

#### Langt sjálfsvígbsréf

Dauðinn setur sitt mark á Ógæfusómu konuna; bæði hefur titlipersónan stytta sér aldur og handrit hennar er blöði drifioð í bókstaflegri merkingu. „Sagan af handritinu er skuggaleg. Brautigan skaut sig yfir því árið 1984, tveimur árum eftir að hann lauk við það. Útatað blöði lá það óhreyft í þónokkurna tímá, þar til dóttir hans tók að sér það leiða verkefni að skrifa það upp, sem reyndist oft erfitt því viða var það illa-sílegt fyrir blöðsleitnum. Það hafðist þó að lokum og bókin kom út í Bandaríkjum árið 2000, rúmum fimm-tán árum eftir dauða skáldsins.“



RICHARD BRAUTIGAN Var aðeins 49 ára þegar hann lést.

fyrstu sýn virðist hann svo einfaldur en hann leynir á sér; nær alltaf að halda ákvæðinni reisn í stílnum bannig hann verður aldrei flatur. Dýptin liggur undir mjög einföldum orðum og hversdagslegum því Brautigan var smillingur í eftihvaða í skyn í stuttu og látlásu máli. Rödd hans er svo greinileg. Það er oft erfitt að ná því í þýðingu og oft þarf að hverfa frá klassískri íslensku til að fanga það.“

#### Að skipta um hugarheim

Bókaforlagið Uppheimer, sem Kristján Kristjánsson stofnaði fyrir fáum árum á Akranesi, gefur Ógæfusómu konuna út, en Gyrðir átti frumkvæðið að þýðingu bókarinnar. „Ég hef aldrei getað þýtt eftir pöntun, því miður kannski. Ég finn yfirleitt bækur sem ég hírfist af og þýði, yfirleitt til fulls, áður en ég leita til útgáfuna. En það er gott að vinna með Kristján, hann tók þessu fagnandi strax.“

Það er hverjum höfundi holtt að spreyyta sig á þýðingum, að mati Gyrðis, sérstaklega í lítlum mál-samfélögum. „Sá sem skrifar eigið verk sekjur inn í eigin hugarheim og leitar að sinni eigin sýn. Þess vegna finnst mér þegar ég endurles eldri verk hans að það megi sjá þetta fyr.“

Fyrir þýðanda segir Gyrðir að Brautigan sé sérlægur erfður við að eiga. „Þetta getur verið einstigi. Við

**allt bílar**  
Alla laugardaga

# BT VIÉTTA

## Panasonic VIERA

- nýtt tímabil í myndgæðum

42"

9.

kynslóð plasmatækja.  
29 milljarðar lita, hundraðfalt fleiri  
litir en í LCD sjónvörpum.

Panasonic VIERA hágæðasjónvörpin setja  
myndgæðin í fyrsta sæti.

Panasonic VIERA hafa yfirburði þegar  
kemur að mikilli hreyfingu á mynd, t.d. Þegar  
horft er að knattspyrnuleiki, formúluna eða  
hasarmyndir.

Panasonic VIERA eru með glerskjá sem  
gefur fallegrí mynd og veitir panelnum vörn  
fyrir litlum fingrum.

Panasonic VIERA hafa hlutið ótal viður-  
kennigar fyrir glæslegt útlit. Veldu glæsileika.

HD  
ready

9.528\*\*

660W  
RMS

## HEIMABÍÓ

Panasonic

SCHT545W  
Panasonic heimabíó 545W  
660W RMS  
Audio D/A Converter 192kHz/24-bit  
Video D/A Converter 108MHz/12-bit  
SCART tengi  
Component tengi  
Spilar DivX(6) / JPG / HCD / MP3 / WMA

rölkækkun  
30.000

\*\*Aukahlutir á mynd er  
borðstandur og sjónvarpsborð

PRÁÐLAUSIR  
bakhatalar

9.528

\*\*Tölvu- og tækjalán 48 mán.

27.499

Vaxtalaust 12 mán.

329.988

Staðgreitt

## PLAYSTATION 2 OG FIFA 07



• 13.999

Jólagjöfin  
lar

# Nytt í bíó

HÚSID ER Á LIFI OG PAU  
PURFA AD BJARGA HVERFINU!

**DRAUGAHÚSIÐ**  
MONSTER HOUSE

ÆÐISLEGA SPENNANDI  
ÆVINTÝRAMYND SÝND MED  
ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.

HEIMSRUMSÝNING  
TEXAS CHAINSAW MASSACRE

18  
VARÚÐ ALLS EKKI FYRIR VIDKVÆMA

BYGGÐ Á SÖNNUM ATBÚRDUM

Bremsuleus. Hellaleus.  
Ein fyrnista gamannynnd arsins HJ-MBL M.M.J. kvikmyndir.com

2 vikurá toppnum í USA!  
L TALLADEGA NIGHTS THE BALLAD OF RICKY BOBBY

EKKI HATA LEIKMANNINN,  
TAKTU HELDUR Á HONUM!

FRÁ ÞEIR GAMANNAÐUN UND SUÐA VINNUNUR SEM STANDA SAMAN OG HEPPNA SIN Á FYRVERANDOKERASTA SEM DÓMPADI PEMI MED HINN SJÓBEHETU SOPHIA BUSH ÓR ONE TREE HILL.

12 KVMYNDIRIS  
L V.I.P. TOPP.S.I.S  
16 EMPIRE

NETTA ER EKKERT MÁL  
GRETTR 2  
VOLVER  
CRANK

Sími 553 2075

LAUGARÁÐS BÍÓ bara lúxus

HÚSID ER Á LIFI OG PAU  
PURFA AD BJARGA HVERFINU!

HEIMSRUMSÝNING  
TEXAS CHAINSAW MASSACRE

18  
UPPLIFUD  
FADINGU  
ÓTTANS

VARÚÐ  
EKKI FYRIR VIDKVÆMA  
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBÚRDUM

Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 18

2 vikurá toppnum í USA!  
L TALLADEGA NIGHTS THE BALLAD OF RICKY BOBBY

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ísl. tali. b.i. 7

Cranks  
Scoop

Sýnd kl. 4, 8 og 10  
Sýnd kl. 8 og 10 b.i. 16

400 KR. I BÍÓ Gildir á allar sýningar meirkat með kauðu

MÍDASALA OPNAR KL. 130

SMÁRA BÍÓ

SÍMI 564 0000

DRAUGAHÚSIÐ ISL.TAL  
MONSTER HOUSE ENSKT TAL  
TALLADEGA NIGHTS SÝND Í LÚXUS  
JOHN TUCKER MUST DIE  
CLERKS 2 PETTA ER EKKERT MÁL  
GRETTR 2 ISL.TAL

REGNBOGINN

SÍMI 551 9000

DRAUGAHÚSIÐ ISL.TAL  
TEXAS CHAINSAW MASSACRE  
TALLADEGA NIGHTS  
JOHN TUCKER MUST DIE  
PETTA ER EKKERT MÁL  
VOLVER

450 kr. í bíó!

Borgarbió

SÍMI 462 3500

DRAUGAHÚSIÐ ISL.TAL  
TALLADEGA NIGHTS  
CRANK  
JOHN TUCKER MUST DIE  
PETTA ER EKKERT MÁL  
GRETTR 2 ISL.TAL

bíó.is – allt á einum stað

## Hættur sem kynnir

Gamanleikarinn Stephen Fry er hættur sem kynnir bresku Bafta-kvíkmyndaverðlaunanna. Fry hefur verið kynnir undanfarin sex ár við mjög góðan orðstír.

„Petta hafa verið frábær sex ár og ég hlakka til að horfa á hátiðina í framtíðinni án þess að vera á taugum,“ sagði hann.

„Við vonum til að bjóða honum aftur sem tilnefndum leikara í nálægri framtíð,“ sagði David Parfitt, formaður Bafta-nefndarinnar.

Fry hefur meðal annars leikið í kvíkmyndunum Wilde og Gosford Park. Fyrir þremur árum skrifaoð hann handritið að og leikstýrði sinni fyrstu mynd, Bright Young Things. Fry er einnig pekkjur fyrir hlutverk sín í bresku gamanþáttum Blackadder og Jeeves and Wooster.



STEPHEN FRY Breski gamanleikarinn er hættur sem kynnir Bafta-verðlaunanna.

Fry stjórnar um pessar mundir grín-spurningabættinum QI.

Bafta-verðlaunin verða haldin 11. febrúar á næsta ári og stendur nú leit yfir að arftaka Fry.

## Stal Bond-bílnum

Að leika þrjótinn í Bond-mynd getur verið skemmtilegt en það þýðir líka að þú færð ekki jafn flottar græjur og leyniþjónustumaðurinn. Mads Mikkelsen létt það ekki aftra sér.

Persóna Mikkelsens, Le Chiffre, fær ekki flott tól og tæki til að ráða við breska kvennagullið og burfti Mikkelsen því að horfa upp á meðleikara sinn keyra hverja glæsibreiðiðna á fætur annarri. Fefútgaða Ekstra Bladet greindi hins vegar frá því á föstudaginn að danski leikarinn hefði ekki látið græjuleysið aftra sér því Mikkelsen ákvað kvöld eitt að taka völdin í sínar eigin hendir og fékk Daniel Craig með sér í lið. Ekstra Bladet vitnar í breska blaðið The Daily Record sem greindi frá því að félagnir hefðu rænt



MIKKELSEN „Rændi“ Aston Martin bifreið James Bond í nýjustu Casino Royal-myndinni og tók smá rúnt sem hefði getað reyst honum dýrkeyptur.

fokdýrum Aston Martin og spænt upp malbikið á glæsikerrunni.

„Þið megið

CRAIG Aðstoðaði Mikkelsen við „þjófnaðinn“ enda vœantaleg séð að Daninn væri langpreyttur á að horfa upp á sig keyra um í glæsibreiðum.

alls ekki segja neinum frá þessu því ég var nefnilega ekki tryggður fyrir bílum, bara Daniel,“ sagði Mikkelsen við breska blaðið sem býðir að ef leikarinn danski hefði keyrt á eða eyðilagt bílinn á annan hátt hefði kostnaðurinn verið dreginn af laununum. Aston Martin bíllinn sem þeir félagar tóku í leyfisleysi er líka einstakur í sinni röð og væntanlega hefðu laun Mikkelsens fyrir hlutverkið horfið á augabragði.

filmfest.is



## USA gegn Lennon

The US vs. Lennon

Háskólabíó  
20:00

Yoko Ono kynnir myndina sem segir frá því hvernig bandarískri ríkisstjórnin reyndi að koma í veg fyrir að friðarboðskapur John Lennon breiddist út. Stuttmynd Yoko Ono, Onochord, verður sýnd á undan.

Tjarnarbió  
14:00 Anna og skapsveiflunar  
15:00 Anna og skapsveiflunar  
16:00 Áður en flogið er...  
18:00 Tjarnarbió  
20:00 Bless Falkenberg  
22:00 Fersk loft

Háskólabíó  
16:00 Gasolin  
16:00 Frosin borg  
17:45 Leynilif orðanna  
18:00 Draumurinn  
20:00 BNA gegn John Lennon  
20:30 Lifið i lykkjum  
20:30 Framhaldslifið ljúfa  
22:00 Timi drukknu hestanna  
22:30 Electroma  
22:30 Mescal

Reykjavík International Film Sept 28 Festi Okt 8 2006



Iðnó  
14:00 Pégar börn leika sér...  
16:00 Pégar börn leika sér...  
18:00 Stuttmyndir í brennidípli II  
20:00 Vertu eðilegur  
22:00 Stulkán er minn

Thorvaldsen Bar  
16:30 Besta heimagerða heimildarmyndin

LAUGARÁÐS BÍÓ  
TVÖ - BÍÓ

HÚSID ER Á LIFI OG PAU  
PURFA AD BJARGA HVERFINU!

DRAUGAHÚSIÐ MONSTER HOUSE

GRETTR 2

ASYLKULÐA OF VILJABEINUM

Tilboð á fyrstu sýningar dagsins aðeins 400 kr.

ÓÐYRT I BÍÓ KR 400

## Með nýjan pátt á ABC

Leikarinn William Shatner mun stjórnna spurningabættinum Show Me the Money fyrir bandarísku sjónvarpsstöðinn ABC.



Í þættinum svara þátttakendur ýmsum spurningum í þeiri von að vinna milljónir króna. Einnig eiga þeir á hættu að tapa því sem þeir hafa unnið sér inn. Sjó þættir verða teknir upp til að byrja með.

Shatner er pekkastur fyrir hlutverk sitt sem kapteininn James T. Kirk í Star Trek-þáttunum. Hann hefur unnið tvenn Emmy-verðlaun fyrir hlutverk sín í The Practice og Boston Legal.

**Nýjasta stórvirkid frá Oliver Stone**

**WORLD TRADE CENTER** Stórmund sem kættir engan ónsnortin.

**Beerfest** Þinmynd órsins er komin.

**Frá höfundi „Training Day“**

**Harsh Times** Hórkumynd með Christian Bale ur „Batman Begins“ og Eva Longoria „Desperate Housewives“.

**THE QUEEN** Kl. 4 - 6 - 8 - 10:10

**ÓBYGGÐIRNAR „THE WILD“** Synd með íslensku og ensku tali!

**BÖRN** KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

**UNITED 93** Pann 11.september 2001 var fíðum flugvélum rænt. Þvíðar beira flugu á skotmíkr sín. Þetta er soga fíður ósinnar.

**SPARBÍÓ 450 kr** á allar sýningar merktar með appelsinugulri á laugardögum og sunnudögum

## Önnur plata Killers

Önnur plata bandarísku rokk-sveitarinnar The Killers, Sam's Town, er komin út. Var hún tekin upp í New Palm Studios í heimaborg sveitarinnar í Las Vegas.



THE KILLERS Bandarísku roksveitin gefur út sína aðra plötu.

stjórnuhimininn. Seldist hún í fimm milljónum eintaka og innihélt meðal annars lögin Somebody Told Me, Mr. Brightside og All These Things I've Done. Voru bau öll tilnefnd til Grammy-verðlauna.

Fyrsta smá-skífulag Sam's Town, When You Were Young, hefur fengið góðar viðtökur og er í öðru sæti breska smáskífulistans. Platan hefur fengið mjög góða dóma, m.a. frá hinum virtu tímaritum Q, Rolling Stone og NME.

## Fjölbreytt meistaraverk

### [TÓNLIST]

#### UMFJÖLLUN

Skjótari en skugginn að skjóta? Varla. Ég trúi hví a.m.k. að fáir geti hitt jafn örugglega í mark og DJ Shadow gerir á bessari nýju plötu sinni. Hann er oft kallaður frumkvöðull þegar kemur að hví að skapa takta og grúf fyrir hiphopp en á bessari plötu fer hann langt yfir það svið. Jú, þessi plata er stútfull af hiphoppi og góðu rappi en hér eru líka lög sem er ekki hægt að kalla neitt annað en blús (Broken Levee Blues), elektrópónk (Artifact), indípopp (You Made It) eða klassísk gítarverk (Triplicate/Something Happened That Day) að hætti Sergios Leone. Ég hika ekki að kalla þetta fjölbreytt meistaraverk.

Gestir á plötunni standa sig líka flestir með prýði. Kasabian kemur við í einu lagi og söngvarinn Chris James úr sveitinni Stateless, sem ég hef aldrei heyrta um áður, nýtir hér tækifærð til fullnustu. Þegar kemur að rappinu styðst DJ Shadow við rappara frá San Francisco, þá aðallega Keak da Sneak og Turf Talk.

Eftir hví sem tæknin hefur aukist hafa svona listamenn eins og DJ Shadow náð að blómstru. Þessi tónlist hér hljómar ekki eins og neitt sem hefði getað verið gert fyrir tíu árum. Ólíkt flestu öðru sem er vinsælt í dag. Nostalgían hefur aldrei verið ríkari en akkúrat núna. Þess vegna eru menn eins og Shadow, sem búa til eitthvað nýtt úr gömlu í stað þess að kópera það, svo mikilvægir. Menn sem



**DJ SHADOW**  
THE OUTSIDER  
Niðurstaða: DJ Shadow toppar sjálfan sig með afbragðs plötu. Fjölbreytt sem lifið sjálf, hvetjandi og framúrskarandi.

gera sér ekki of þróngan ramma, og leyfa sér að fara í margar ólífar áttir á sama tíma.

Sem sagt, þetta er frábær plata. Án efa það besta sem DJ Shadow hefur sent frá sér á sínum ferli.

Birgir Órn Steinarsson

**SparBíó\* — 450kr**

**ÓBYGGÐIRNAR „THE WILD“** Synd með íslensku tali!

**SUPERMAN RETURNS** SYND KL. 1:30 (ÁLFAB.) OG 2 (AK. OG KEF.)

**MAURAHRELLIRINN** ROBERTS CAGE STREET GIAMATTI SYND KL. 1:30 (ÁLFAB.) OG 2 (AK. OG KEF.)

**STEP UP** SYND KL. 1:30 (ÁLFAB.)

**BILAR** M-/ ísl. tali. SYND KL. 1:45 (ÁLFAB.)

**SparBíó\*** : 450 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 1:30 og 1:45 Laugardag og Sunnudag í SAMBIÓNUM ÁFABAKKA

**Nýtt**

**ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS**

**Sæktu bér þekkingu**  
**sæktu bér aukinn styrk**

**MENNING OG SJÁLFSRÆKT**

// Íslenska - málpolitík. Hvaða hætta steðjar að íslenskri tungu?  
hefst 10. okt.

// Starfið, heimilið, lífið – skipulag í stað álags  
hefst 10. okt.

// Gæfuspor – gildin í lífinu  
hefst 23. okt.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 525 4444 og á endurmenntun.is

**AD VAXA OG DAFNA**  
Endurmenntun uppfyllir þarfir fólks hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnmarkaði, styrkjá sig í starfi, svala forvitninni eða einfaldlega skemmta sér konunglega.

sími 525 4444  
www.endurmenntun.is

## &gt; Sverre þarf að fara í aðgerð

Varnartröllið Sverre Jakobsson hjá Gummersbach fer í aðgerð á ökkla á morgun til að ráða bót á meiðslum sem hafa hrjáð hann síðustu vikur. Sverre hefur ekki getað tekið þátt í síðustu leikjum Gummersbach vegna meiðslanna og kom meðal annars hingað til lands í gifsi þegar Gummersbach heimsótti. Fram í Meistaradeildinni í síðustu viku. Sú hvíld gerði ekki sitt gagn og segir Sverri að aðgerð sé óumflýjanleg. „Petta hefur verið að angra mig í langan tíma og það gerði bara illt verra að spila svona mikið í upphafi tímabils. Liðbandið í ökklanum er við það að slítna og það verður að grípa til þessara ráða,“ segir Sverre en talið er að hann verði frá keppni í um two mánuði.

„Ég fæ þá vonandi smá tíma til að vinna mér sæti í landslíðinu fyrir HM,“ sagði Sverre sem var staddir á McDonalds í heimabæ sínum þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „Maður leyfir sér ýmislegt á laugardögum,“ sagði Sverre léttur á því.

**sport**  
sport@frettabladid.is



FERNANDO ALONSO Virtist taugaspenntur á blaðamannafundi í gær.

Tímatakan í formúlu 1:

## Schumacher í mun betri stöðu

**FORMÚLA 1** Michael Schumacher verður annar á ráslínu, á eftir félaga sínum Felipe Massa hjá Ferrari, þegar ræst verður til leiks í kappakstrinum í Japan í dag. Heimsmeistarinn Fernando Alonso náið aðeins fimmtra setti í tímatókunni og hví ljóst að Schumacher er skrefinu á undan í baráttunni um titillinn í ár. Sem kunnugt er hafa Schumacher og Alonso halað inn jafnmög stig að tímabilinu í vetur þegar aðeins tvær keppnir eru eftir.

„Vissulega er Schumacher í betri stöðu en við viljum frekar ná árangri í kappakstrinum en tímatókunni. Það eru 53 hringir og allt getur gerst,“ sagði Alonso eftir tímatókunni. Spurður um það hvort hann teldi að Massa muni hjálpa Þjóðverjanum í dag svaraði Alonso játandi, en forráðamenn Renault sökuðu Massa um að hindra Alonso í tímatókunni í gær. „Það skemmir alltént ekki fyrir að það Massa fyrir framan sig,“ sagði Alonso.

- vág

## Fyrsti bikar vetrarins til Keflavíkur

Úrslitaleikir fyrirtækjabikars KKÍ, Powerade-bikarkeppninnar, fóru fram í Laugardalshöllinni í gær en mótið markar nú upphaf keppnistímabilsins. Keflavík vann Njarðvík í aëispennandi leik í karlaflokki.

**KÖRFUBOLTI** „Þetta var vel spilaður varnarleikur hjá báðum liðum en menn áttu í basli með að skora. Það eru enn tvær vikur í móti bannig að það vantar ýmislegt upp á hjá báðum liðum en eignum við ekki að segja að við höfum verið heppnir í restina. Það er samt alltaf óneitanlega gaman að vinna titla,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, eftir að liðið vann granna sína í Njarðvík 76-74 í úrslitaleiki Powerade-bikarsins sem fram fór í Laugardals-höll.

Mikið jafnræði var með liðunum frá upphafi til enda og sigurinn hefði getað dottið hvor megin sem var. Njarðvík var með tveggja stiga forystu eftir fyrsta leikhlaðann en jafnt var í hálfleik 43-43. Hart var barist í leiknum eins og alltaf þegar þessi tvö lið maestast og staðan var 65-65 fyrir síðasta leikhlaðann. Þar hélt spennan áfram allt til enda og lokamínútan bauð upp á dramatík.

Njarðvíkingar höfðu eins stigs forskot þegar Jeb Ivey skaut en hitti ekki. Thomas Soltau refsaoði fyrir það og kom Keflavík yfir 75-74 þegar fjörtán sekundur voru eftir. Njarðvík hélt í sókn en á einhvær ótrúlegan hátt endaði boltinn ekki ofan í körfunni og Keflavíkingar bættu við stigi úr vítaskoti. Minna en sekúnda var



KÁTIR KEFLVÍKINGAR Leikmenn Keflavíkur þurftu að hafa mikið fyrir sigrinum á Njarðvík og gátu leyft sér að fagna vel og innilega eftir leikinn. Á minni myndinni sést Gunnar Einarsson taka á móti Powerade-bikarnum.



FRÉTTABLAÐID/DANIEL

eftir og Njarðvíkingar gerðu góða tilraun til að stela sigrinum en höfðu heppnina ekki með sér og Keflavíkingar báru því sigur úr býtum.

„Vörnin hjá okkur í seinni hálfleik var góð en það var ýmislegt sem við þurfum að bæta. Sóknarleikurinn var lélegur hjá okkur og við áttum ekkert sérstakan dag. En leikurinn var spennandi og skemmtilegur fyrir áhorfendur og gaman að hægt sé að byrja tíma bilið af svona krafti,“ sagði Sigurður með bros á vör eftir leikinn.

Erlendu leikmennirnir Thomas

Soltau og Jermaine Williams voru stigahæstir hjá Keflavík, sá fyrirnefndi skoraði 25 stig en síðarnefndi tveimur stigum minna. Þá tók Williams ellefu frákost en Arnar F. Jónsson kom á eftir þeim í stigaskorun fyrir Keflavík með ellefu stig. Hjá Njarðvík var Brenton Birmingham stigahæstur með 28 stig en Jeb Ivey skoraði átján. Eins og oft áður herti Friðrik E. Stefánsson flest frákost en hann tók fjörtán í gær.

„Við getum alfaríð kennt okkur sjálfum um hvernig þetta fór. Við spiluðum sóknarleikinn skelfilega

í seinni hálfleik, það vantaði allt flæði á boltann. Við brugðumst sjálfum okkur og við vorum ekki að gera það sem við ætludum okkur. Við skutum nánast bara fyrir utan, boltinn fór ekkert inn í teiginn og það vantaði allt jafnvægi. Við fengum fullt af tæki-færum til að klára þetta. Annars var þetta flottur leikur, mikið jafnræði allan tímann og mikil spenna,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, eftir leikinn.

elvageir@frettabladid.is

**FIFA 07**

Vinnungar verða aðhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 149 kr/skjöt.

**SENDU SMS BTC VFF**  
**Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**  
**AÐALVINNINGUR: PS2 TÖLVA + FIFA'07**

**AUKA VINNINGAR ERU:**  
**FIFA'07 LEIKIR, PS2 STÝRIPINNAR, PS2 MINNISKORT,**  
**DVD MYNDIR, FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM**  
**OG MARGT FLEIRA**



BIKARINN AFHENTUR Helena Sverrisdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir, fyrirliðar Hauka, taka á móti verðlaununum í leikslok í gær.

FRÉTTABLAÐID/DANIEL

Haukastúlkur náðu að verja Powerade-bikarinn:

## Sannfærandi hjá Haukum

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkur unnu í gær Powerade-bikarinn í körfuknattleik annað árið í röð þegar þær lögðu lið Grindavíkur að velli 91-73 í Laugardalshöll. Þetta var öruggur sigur hjá Haukum en liðið hafði forystuna frá upp-hafi til enda leiks.

Grindavíkurstúlkur náðu góðum kafla undir lok fyrri hálfleiks og minnkuðu muninn í sex stig, 46-40, og þannig var staðan í hálfleik. Eftir hlé voru Haukastúlkur áfram með undirtökum og sigur þeirra var aldrei í neinni umtalsverðri hættu.

„Það er gott að byrja tímabilið

á þessu en óneitanlega furðuleg tilfinning að fá bikar svona snemma. Það er samt alltaf gaman að vinna titil,“ sagði Águst S. Björvinsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn.

Helena Sverrisdóttir var stigahæst í liði Hauka með 33 stig og þá tók hún átta frákost. Ifeoma Okonwo, nýr bandarískur leikmaður Hauka, skoraði 24 stig tók fjörtán frákost, í liði Grindavíkur var Tamara Bowie atkvæðamest með 33 stig og sautján frákost en Alma R. Garðarsdóttir skoraði ellefu stig.

- egm

Matthías Guðmundsson:  
**Riftir samningi sínum við Val**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Matthías Guðmundsson hefur nýtt sér ákvæði í samningi sínum við Val og sagt upp samningnum í von um að eiga auðveldara með að komast út í atvinnumennsku.

Matthías heldur í dag til Arósa í Danmörku þar sem hann mun æfa í tæplega vikutíma með liði AGF.

„Í mínu tilfelli met ég það svo að það sé betra fyrir mig að vera ósamningsbundinn. Ég er til dæmis nokkuð viss um að AGF er ekki tilbúið að kaupa mig, og á bað við um fleiri félög. Það segir sijálf að það vilja frekari fá leikmenn sem kosta ekki neitt,“ segir Matthías og fer ekki leynt með það markmið sitt að koma sér að hjá erlendu liði en einnig hafa lið frá Noregi sýnt vængmanninum fljóta nokkurn áhuga.

Athugli vekur að þessi taktík Matthíásar er sú sama og samherji hans hjá Val, Baldur Adalsteinsson, beitti í fyrra, en svo fór að hann skraifaði á endanum undir nýjan samning við Hlíðarendafélagið. Aðspurður um hvort leiðin liggi aftur á heimaslöðir í Val, fari svo að draumurinn um atvinnumennsku rætist ekki, sagði Matthías: „No comment.“

**MATTHÍAS GUÐMUNDSSON** met ég það svo að það sé betra fyrir mig að vera ósamningsbundinn. Ég er til dæmis nokkuð viss um að AGF er ekki tilbúið að kaupa mig, og á bað við um fleiri félög. Það segir sijálf að það vilja frekari fá leikmenn sem kosta ekki neitt,“ segir Matthías og fer ekki leynt með það markmið sitt að koma sér að hjá erlendu liði en einnig hafa lið frá Noregi sýnt vængmanninum fljóta nokkurn áhuga.

Athugli vekur að þessi taktík Matthíásar er sú sama og samherji hans hjá Val, Baldur Adalsteinsson, beitti í fyrra, en svo fór að hann skraifaði á endanum undir nýjan samning við Hlíðarendafélagið. Aðspurður um hvort leiðin liggi aftur á heimaslöðir í Val, fari svo að draumurinn um atvinnumennsku rætist ekki, sagði Matthías: „No comment.“

- vág

# 60 SEKÚNDUR

## FREYR BRYNJARSSON



**Haukar eða Valur?** Bæði.

**Hver var fyrirmund þín í æsku?** Pabbi minn.

**Ólafur Stefánsson eða Dagur Sigurðsson?** Óli, hann er meiri hetja.

**Að vera íþróttakennari er...** Gefandi starf.

**Að keyra á milli Grindavíkur og Hafnarfjarðar er...** Mjög fint og rólegt.

**Af hverju býrðu í Grindavík?** Út af fjölskylduað-stæðum.

**Neighbours eða Bold and the Beautiful?** Neighbours, ekki spurning.

**Kaffi eða te?** Te.

**Laugarvatn er...** Það er fjör á Laugarvatni.

**Eru markverðir furðulegri en aðrir leikmenn?** Já, tvímælalaust.

**Páll Ólafsson eða Viggó Sigurðsson?** Páll Ólafs.

**Í hvaða sæti endar Ísland á HM í handbolta?** 3. sæti.

**Hver er besti leikmaður í heimi?** Guðjón Valur Sigurðsson.

**ÚRSLIT GÆRDAGSINS****DHL-deild kvenna**

**HK-VALUR** 23-33  
**Mörk HK:** Auksé Vysniauskaité 7, Elsa Rut Óðinsdóttir 6, Tatjana Zukovska 4, Ásta Gunnarsdóttir 3, Elva Arnarsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 1,  
**Mörk Vals:** Arna Grímsdóttir 8, Brynja Steinessen 6, Drifa Skúladóttir 4, Hafrún Kristjánsdóttir 4, Ágústa Edda Björnsdóttir 4, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Alla Gokorian 2, Katrín Andrésdóttir 1, Kristin Collins 1, Sigurlaug Rúnarsdóttir 1.

Valstslíkur mætu gríðarlega ákvæðnar til leiks og kafsigldu heimastílum strax frá upphafi. Staðan í hálffleik var 12-20 og í síðari hálffleik náið Valur mest 15 marka forskoti. Liðið slakaði þó aðeins á undir lokin.

**FRAM-AKUREYRI** 29-21

**Mörk Fram:** Anett Köbli 6, Sara Sigurðardóttir 4, Eva Hrund Harðardóttir 4, Guðrún Þóra Hálfánsdóttir 3, Sigurbjörn Jóhannsdóttir 3, Marthe Sördal 2, Anna María Sigvhartsdóttir 2, Þórey Stefánsdóttir 2, Hekla Daðadóttir 2.

**Mörk Akureyri:** Erla Tryggvadóttir 7, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 5, Guðrún Trggvadóttir 4, Ingá Dis Sigurðardóttir 3, Ester Óskarsdóttir 3, Lilia Þorisdóttir 1.

Jafnreði var með liðunum í fyrrí hálffleik en Fram var þó alltaf skrefinu á undan og var með 13-10 fyrstu í hálffleik. Fram skorði fyrstu fimm mörk síðari hálffleiks og náiði þannig forskoti sem gestirnir náiðu aldrei að minnka.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

GRÓTTA	3	3	0	0	78-64	6
VALUR	4	2	1	1	106-98	5
FRAM	4	2	1	1	98-92	5
HAUKAR	3	2	0	1	88-66	4

Sprækir Fylkismenn náiðu sér í sín fyrstu stig gegn Val í DHL-deild karla í gær:

**Vorum ömurlegir í þessum leik**

**HINGAD OG EKKI LENGRA** Þessi mynd er lýsandi fyrir gang leiksins í gær. Fylkismenn voru einfaldlega grímmari og tóku vel á Valsmönnum í vörninni.

heimamenn stóðu fastir fyrir og innbyrtu á endanum sigur sem var síst af stóri. Góð markvarsar Hlynss Morthens, sem varði fimmtán skot í leiknum, og stórliekur Eymars Krüger, sem var markahæstur í liði heimamanna með fjörtán mörk, varð til þess að sigur Fylkismanna var aldrei í hættu.

Í liði Valsmanna var Markús Máni markahæstur með tólf mörk en að honum undanskildum voru Valsmenn heillum horfnir í gær og ljóst að þeirra biður ærið starf ef þeir ætla að standa undir væntingum í vetrur. - kar

**ÚRSLIT GÆRDAGSINS****DHL-deild karla**

**FYLKIR - VALUR** 28-26  
**Mörk Fylkis (skot):** Eymar Krüger 14/3(20/3), Íngólfur Axelsson 4(15), Ívar Grétarsson 3(4), Þórir Júlíusson 3(8), Guðlaugur Arnarsson 2(4), Þóetur Heiðar Þorláksson 1(2), Armar Sæþórsson 1/0(4/1). **Varin skot:** Hlynur Morthens 15, Sölvir Thorarensen 1/1.

**Hraðaupphlaup:** 3 (Eymar, Þórir, Ívar). **Fiskuð vití:** 4 (Guðlaugur 2, Íngólfur, Þórir).

**Utan vallar:** 16 minútur.

**Rauft:** enginn. **Gult:** 3 (Íngólfur, Hreinn, Þórir).

**Mörk Vals (skot):** Markús Máni Mikaelsson 12/3(16/4), Ermir Arnarson 5(9), Ingvar Árnason 4(6), Baldvin Þorsteinsson 2(5), Atli Rúnar Steinþórsson 1(1), Hjalti Pálmason 1(3), Davíð Höskuldsson 1(5). **Varin skot:** Ólafur Gíslason 9, Pálmar Pétursson 7/1.

**Hraðaupphlaup:** 3 (Markús Máni 2, Ermir).

**Fiskuð vití:** 4 (Ermir, Baldvin, Ingvar, Elvar Friðriksson).

**Utan vallar:** 12 minútur.

**Rauft:** enginn. **Gult:** 3 (Hjalti, Ingvar, Gunnar Harðarson).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

HK	2	2	0	0	59-47	4
ÍR	1	1	0	1	36-30	2
FYLKIR	2	1	0	1	52-57	2
HAUKAR	2	1	0	1	60-65	2
FRAM	2	1	0	1	59-56	2
VALUR	2	1	0	1	52-50	2

**Sigurbjörg flutt á sjúkrahús**

Sigurbjörg Jóhannsdóttir, leikmaður kennaliðs Fram, missteig sig illa í leik Fram og Akureyri í DHL-deild kvenna í gær og var flutt á sjúkrahús. Ekki er vitað hversu alvarleg meiðslin eru.

# Flottur sportjeppi á frábæru verði 2.495.000 kr.



Stadálbúnaður:

- Sítengt aldrif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Pakbogar
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn
- Mikil veghæð, 19,5 cm

**Outlander 4X4**

Öflug tveggja lítra 136 hestafla vél



**26.116 kr. á mánuði**

Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP til 84 mánaða.






NÝTT!

Í fyrsta þætti vetrarins spjallar Egill við fólk sem ætlar sér stóra hluti í prófkjörum stjórnálflokkanna og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tjáir sig um pólitískar horfur á komandi kosningavetri. Einnig verður rætt við bandaríksa fræðimanninn Michael Corgan, sem er fróðastur manna um samskipti Íslands og Bandaríkjanna.

## SILFUR EGILS

í dag kl. 12:25 á Stöð 2



GOTT FOLK/MC CANN



**EKKERT GEKK UPP** Eiður Smári Guðjohnsen átti finan leik í gær en náiði ekki að nýta nokkur afbragðs marktækifæri. Á sama tíma gekk allt upp hjá Lettum og er ekki hægt að segja annað en að þeir hafi nýtt sín færí.

NORDICPHOTOS/AFP

# Íslendingar rotaðir í Ríga

Pað gekk allt á afturfótunum hjá íslenska knattspyrnulandsliðinu gegn Lettum í Ríga í gær. Strákarnir voru sjálfum sér verstir, klúðruðu fjöldu dauðafæra og var refsad harkalega fyrir vikið. Lokatölur urðu 4-0, Lettum í vil.

	<b>4-0</b>	
Lettland	Ísland	
Skonta-völlurinn i Riga, Lettlandi		
Alan Kelly, Írlandi		
1-0 Girts Karlsons (14.) 2-0 Maris Verpakovskis (15.) 3-0 Maris Verpakovskis (25.) 4-0 Aleksejs Visnajkovs (52.)		

#### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-13 (6-7)
Varin skot	6-3
Horn	3-3
Aukaspurnur fengnar	5-5
Rangstöður	11-13

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið var rotað í fyrri hálfleik gegn Lettum í gær. Eftir að hafa fengið færí til að komast yfir og síðar jafna í stöðunni 1-0 fengu strákarnir ódýr mörk í andlitið og enduðu með því að tapa stórt, 4-0, í mun líflegri leik en búist hafði verið við.

Pað voru fínar aðstæður til knattspyrnuiðkunar í Ríga í gær. Logn og milt veður en völlurinn var ekki upp á sitt besta og í rauun eins og malbik, svo harður var hann. Leikurinn byrjaði með miklu látum því eftir rúmlega 80 sekúndur slapp Eiður Smári Guðjohnsen einn í gegnum lettnesku vörnina eftir sendingu Brynjars. Skot Eiðs var því miður slapp og sigldi yfir markið. Aðeins nokkrum sekúndum síðar komst Verpakovskis í fint færí hinum megin en Árni Gautur varði slakt skot hans auðveldlega.

Á 8. mínútu stakk Eiður Smári

boltanum snildarlega inn á Kára Árnason sem var í ágætis færí, hann hitti boltann aftur á móti mjög illa og skot hans endaði í innkasti. Tvö góð færí farinn í súginn og það átti eftir að reynast dýrkeypat að hafa ekki nýtt þau betur.

Leikurinn var áfram mjög líflegur, bæði lið sýndu fína sóknartilburði og eitthvað hlaut undan að láta. Pað gerðist á 17. mínútu þegar Girts Karlsons kom Lettum yfir með skoti af stuttu færí eftir frábært spil heimamanna. Lettarnir ærðust af fognuði enda hafði liðið ekki skorað í síðustu fjórum leikjum sínum. Áhorfendur róuðust nokkrum sekúndum síðar þegar Eiður Smári komst í fint færí en Kolinko varði skot hans auðveldlega. Lettarnir brunuðu upp í kjölfarið og Ívari Ingimarssyni urðu á skelfileg mistök þegar hann ætlaði að skalla boltann til baka á Árnu Gaut í markinu. Skallinn var of stuttur, Verpakovskis komst á milli og skoraði annað mark Letta á rétt rúmri mínútu. Ótrúlegur leikkafla og íslenska liðið í verulegum vandréðum eftir aðeins 18 mínútur.

